

# HRÚTASKRÁ

## 2017 - 2018



# Úrval vöru fyrir sauðfjárbóndann



## Ærblanda háprótein með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengi. Þú getur fengið þetta fóður hjá Lífandi.

## Ærblanda LÍF

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum. Þú getur fengið þetta fóður hjá Lífandi.

Kynntu þér kosti óerfðabreytta kjarnfóðursins frá Lífandi



NÝTT!

## Sauðfjárfata Líflands

Sauðfjárfatan er ný vara hjá Lífandi sem er sérstaklega ætluð íslensku sauðfé og er auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum. Fatan inniheldur AO-mix, blöndu náttúrulegra andoxunarefna sem minnka álag á frumur þegar efnaskipti eru hröð, t.d. á seinni hluta meðgöngu og um burð. Í samspili við E-vítamín og selen hefur andoxunarblandan jákvæð áhrif á frjósemi, heilbrigði og ónæmiskerfi fjárins.

Innbyrðis hlutfall kalsíum og fosfórs er til þess fallið að minnka líkur á stoðkerfisvandamálum og doða við burð. Sauðfjárfatan inniheldur engin erfðabreytt hráefni.



## KYNNINGARTILBOÐ – SÆKTU EÐA FÁÐU SENT FRÍTT

Þú sækir í verslun Líflands og færð Sauðfjárfötuna í kaupbæti

- Þú kaupir 1 stórsekk af Ærblöndum og færð 2 Sauðfjárfötur í kaupbæti.
- Þú kaupir 12 smásekki af Ærblöndum og færð 1 Sauðfjárfötu í kaupbæti.

Við sendum á næstu stöð Samskipa hvert á land sem er

- Þú kaupir 1 stórsekk af Ærblöndum og 4 Sauðfjárfötur.
- Þú kaupir 12 smásekki af Ærblöndum og 2 Sauðfjárfötur.

## Verð

Ærblanda háprótein	Verð m. vsk.	Án vsk.
25 kg	2.870	2.315
500 kg	52.499	42.338
Ærblanda LÍF		
25 kg	2.260	1.823
500 kg	41.720	33.645
Sauðfjárfata 20 kg	4.200	3.387

Tilboðið gildir til og með 31. desember 2017.

# EFNISYFIRLIT

Skýringar .....	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum .....	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar .....	8
Kollóttir hrútar .....	20
Fallnir hrútar 2016-2017.....	24
Hrútar 2017-2018, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2017 .....	26
Vesturland	
Hyrndir hrútar .....	28
Kollóttir hrútar .....	35
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2017.....	40
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2017.....	42
Árangur sæðinga vorið 2017 eftir sæðishrútum .....	43
Sauðfjársæðingar og beiðli.....	44
Feldfjarrækt og mat á feldgæðum.....	46
Rekstur sauðfjársæðinga.....	48

# ATRÍÐISORÐASKRÁ

## SUÐURLAND

### HYRNDIR

11-946 BORKÓ frá Bæ.....	8
11-947 KRAFTUR frá Hagalandi .....	9
12-960 MALLI frá Bjartheyjarsandi .....	9
13-951 BURKNI frá Mýrum 2 .....	10
13-953 DREKI frá Hriflu .....	10
13-954 TANGI frá Klifmýri .....	11
13-963 STÓLPI frá Hjarðarfelli .....	11
13-964 TOPPUR frá Kaldbak.....	12
13-985 LÁSI frá Leifsstöðum.....	12
14-966 VINUR frá Haukatungu syðri 2.....	14
14-986 BERGSSON frá Valdasteinsstöðum...	14
15-968 TINNI frá Ytri-Skógum .....	16
15-990 MÁVUR frá Mávahlíð .....	16
15-992 ÓÐINN frá Skörðum .....	17
16-993 DÍMON frá Hesti .....	18
16-995 ÁFANIR frá Mýrum 2.....	18
16-996 KUBBUR frá Hríshóli .....	19

### KOLLÓTTIR

12-970 BRÚSI frá Kollsá.....	20
12-980 LAMPI frá Melum I .....	20
13-971 EBITI frá Melum .....	21
13-981 MOLLÍ frá Heydalsá .....	21
14-973 PLÚTÓ frá Heydalsá.....	22

### FELDFJÁRRÚTUR

12-978 MELUR frá Melhól.....	22
------------------------------	----

### FORYSTUHRÚTUR

15-977 NIKULÁS frá Brakanda.....	23
----------------------------------	----

## VESTURLAND

### HYRNDIR

10-920 KÖLSKI frá Svinafelli 2.....	28
10-945 KORNELÍUS frá Stóru-Tjörnum.....	28
11-959 HÖRÐUR frá Gerði .....	29
13-961 BERGUR frá Bergsstöðum .....	29
13-962 KLETTUR frá Borgarfelli .....	30
13-984 GUTTI frá Þóroddsstöðum .....	30
14-987 FROSTI frá Ketilseyri .....	31
14-988 TVISTUR frá Hríshóli .....	32
15-967 BJARTUR frá Ytri-Skógum .....	32
15-969 HROKI frá Hesti .....	33
15-989 DRANGI frá Hriflu .....	33
15-991 NJÖRÐUR frá Gilsbakka .....	34
16-994 DURTUR frá Hesti.....	34

### KOLLÓTTIR

11-979 BLÆR frá Kambi.....	35
13-940 KRAPI frá Innri-Múla.....	35
13-941 SERKUR frá Hjarðarfelli.....	36
13-944 MAGNI frá Heydalsá .....	36
13-982 MÓRI frá Bæ I .....	37
14-972 FANNAR frá Heydalsá .....	38
15-983 KOLLUR frá Árbæ.....	38

### FORYSTUHRÚTUR

13-976 GILS frá Klukkufelli .....	38
-----------------------------------	----

## Hrútaskrá 2017-2018

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar  
á Suður- og Vesturlandi  
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson  
Ljósmynd forsíðu og aðrar myndir  
© Halla Eygló Sveinsdóttir  
Myndir af hrútum: Halla Eygló Sveinsdóttir,  
Sigurjón Einarsson og Torfi Bergsson  
ISSN 1608-084X  
Umbrot: Rósa Björk Jónsdóttir.  
Prentun: Fjölrítunar- og útgáfuþjónustan,  
nóvember 2017

# SKÝRINGAR

## MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

## ULLARLÝSINGAR

Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

## GERÐ

Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

## FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

## KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR SKROKKGÆÐI (GERÐ OG FITU)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2008-2017. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

## KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR FRJÓSEMI OG MJÓLKURLAGNI

Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2006-2015, fyrir frjósemi ær fæddar 2007-2016. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðaár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

## KYNBÓTAMAT (BLUP) - HEILDAREINKUNN:

Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokkæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokkæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110.  $((120+110+100)/3 = 110)$ .

## LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfr móræuðan lit, en móræuð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfr tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísnum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit,

þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

## ARFGERÐARGREINING V/RIÐUSMITS

### VERNDANDI ARFGERÐIR.

Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.

### HLUTLAUS ARFGERÐ.

Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.

### VERNDANDI OG ÁHÆTTUARFGERÐ.

Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfr áhættuarfgerð.

### ÁHÆTTUARFGERÐIR.

Mikil eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftar í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort um arfblendinn eða arfhreinan hrút er að ræða.

*Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.*

## SKRÁNING SÆÐINGA

**Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst.**

Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í **FJARVIS.IS** geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar. Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í **FJARVIS.IS**.

# New Holland T5

## Electro Command



T5 línan frá New Holland er ríkulega útbúin. Þessar vélar eru margverðlaunaðar og má nefna þar helst „**Tractor of the Year® 2017**“ sem voru veitt á EIMA sýningunni. Kraftvélar ehf. bjóða þessar vélar á mjög góðu verði með þeim búnaði sem íslenskir bændur hafa hjálpað til við að velja í gegnum árin.



### Dæmi um útbúnað:

- 16x16 gírkassi með sjálfskiptimöguleika
- 4 tvívirkir vökvæntlar að aftan ásamt skotkrók
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- 8 LED vinnuljós ásamt 2 blikkljósum á húsi
- Flotmikil dekk 480/65R24 að framan og 600/65R34 að aftan

**Leitið tilboða hjá sölumönnum Kraftvéla**

# FRÁ SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVUNUM

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá sauðfjársæðingastöðvunum

hefst 1. desember og stendur til 21. desember.

Pantanir skulu berast með eftirtöldum hætti:

## SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ SUÐURLANDS

Í síma **482 1920** fyrir klukkan 9:00  
samdægurs eða á netfangið  
**sveinn@bssl.is**.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta  
sæði hjá **Sveini Sigurmundssyni** í sínum  
**480 1800, 480 1801** eða **894 7146**.

SKIPULAG SÆÐINGA

V-SKAFT., EYJAFJÖLL OG LANDEYJAR.  
9.-12. DES.

RANGÁRÞING-YTRA, ÁSAHR., FLJÓTSHLÍÐ  
OG FLÓI. 13.-16. DES.

UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU OG VESTAN  
ÖLFUSÁR. 17.- 20. DES.

A-SKAFT. STEFNT ER AÐ FERÐUM FRÁ  
OG MEÐ 1. DES. OG TIL OG MEÐ 8. DES.

### Verð á sæði:

1-19 sæddar ær .....	1.000 kr./sk.
20-49 sæddar ær .....	850 kr./sk.
50-99 sæddar ær .....	740 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	690 kr./sk.
Til búnaðarsambanda.....	660 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.

Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar  
utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki  
70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.

## SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

Pantanir þurfa að berast fyrir kl 21:00 daginn  
fyrir sæðingu.

Panta skal í gegnum pöntunarform sem að-  
gengilegt er á **www.buvest.is** Einnig er hægt  
að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma  
verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi  
fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

**ATHUGIÐ, ekki verður afgreitt sæði  
sunnudaginn 17. des.**

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast  
fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið  
**bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda  
áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.  
Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir  
eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt  
námskeið í sauðfjársæðingum.

### SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi  
bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi  
bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst sam-  
dægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands  
um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er  
óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðins-  
númer.

### SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

LbhÍ, Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði miðvirkudaginn 29.  
nóv. 2017 kl. 13:00-18:00

Akureyri fimmtudaginn 30. nóv. 2017 kl. 13:00 -18:00

Stóra-Ármóti föstudaginn 1. des. 2017 kl. 13:00-18:00

**Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning á  
heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is.**

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands  
og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðar-  
sambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið  
sérstaklega.

# Sauðkindin á allt gott skilið

## Sérblandað fóður fyrir íslensku sauðkindina



Fæst í 35 kg. og 500 kg. sekkjum

### Sauðfjárblanda

Góður valkostur fyrir sauðfé. Sauðfjárblanda er með 16% próteininnihaldi. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Óerfðabreytt og inniheldur góða samsetningu á steinefnum og vítamínum.



### Steinar, stampar og fóður



**FÓÐURBLANDAN**

...gæði í hverri gjöf!

**Sendum um  
allt land**

**Hafðu samband**  
570 9800

**FB Verslun Selfossi**  
Austurvegi 64a  
570 9840

**FB Verslun Hvolsvelli**  
Hlíðarvegi 2-4  
570 9850

**FB Verslun Egilsstöðum**  
Kaupvangi 11  
570 9860

**FB Verslun Hellu**  
Suðurlandsvegi 4  
570 9870

11-946

**BORKÓ**

frá Bæ, Árneshreppi.

PÚKI 06-807

GJÓTA 09-137

ÁRI 04-096 ~ 03-341

AT 06-806 ~ HVELLA 07-788

MMF: Hvellur 05-969, MMMF: Glæsir 98-876.

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2016	2017
Fjöldi	125	114
Þungi	47,6	47,7
Fótleggur	110	110
Læri	17,6	17,6
Ull	7,8	7,7
Ómvöðvi	30,1	30,0
Ómfita	3,0	2,8
Lögun	4,0	4,0

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	109
Fita	109
Skrokkgæði	109 (100%)
Frjósemi	102 (95%)
Mjólklagni	109 (82%)
Heildareinkunn	107

**Lýsing:** Hvítur, fínhyrndur með fríðan haus. Háls sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Bakhold góð. Malir breiðar með ágæta vöðvafyllingu. Lærahold góð og fótstaða einnig. Bollangur og fallegur hrútur á velli. Gæfur og rólegur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Ljós gulur í hnacka, mikið gulur á fótum, aðeins af gulum hárum í reyfi. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt. Togið meðalfínt, fremur stutt en hrokkið.

**Reynsla:** Borkó 11-946 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið dágóða notkun og ríflega 100 synir hans komið til skoðunar bæði haustin.

Afkvæmi hans eru um meðaltal í þroska, stundum

dálítið hrjúf um herðar en að öðru leyti ágætlega holdfyllt og samsvara sér vel. Sum þessara lamba eru dálítið gul á ullina. Nokkuð er um mjög góð hrútsefni undan Borkó en gimbrannar eru ekki síður föngulegar.

Rökstuddar væntingar eru um að Borkó reynist góður ærfaðir. Í uppgjöri fjárræktarfélaganna árið 2016 átti hann 23 dætur sem fengu að jafnaði 5,3 afurðastig og var frjósemi þeirra í góðu lagi sem og veturgamalla dætra hans um allt land sl. vor. Borkó er alhliða kynbótahrútur sem er allrar athygli verður.

**Litaerföir:** Borkó er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:**

Arfblendinn verndandi.

**Mál og stigun:** 2011-45-110-29/2,7/3,0-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-7,0-8,0-8,5=82,0 stig

# Sprettur

## ÁBURÐUR

Minna ryk - Meiri gæði - Betri spretta

Pantanir: 444 3100

[www.skeljungur.is/sprettur](http://www.skeljungur.is/sprettur)




Skeljungur



11-947

**KRAFTUR**

frá Hagalandi, Pistilfirði. (Keyptur frá Laxárdal, Pistilfirði)



MMF. og FMMF: Fróði 04-963, MMMF: Moli 00-882.

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2016	2017
Fjöldi	119	50
Pungi	49,1	48,5
Fótleggur	109	109
Læri	17,6	17,7
Ull	7,8	7,9
Ómvöðvi	30,3	30,0
Ómfita	2,7	2,9
Lögun	4,2	4,1

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	112
Fita	106
Skrokkgæði	109 (100%)
Frjósemi	110 (97%)
Mjólkurlagni	107 (91%)
Heildareinkunn	109

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með sver horn. Haus þróttlegur og háls sver og vel bundinn. Herðar í herra lagi en holdfylltar. Útlögur geysimiklar. Bakið sterkt og holdfyllt. Malir kúptar og vel vöðvaðar. Lærahöld góð. Bollangur og sterkbyggður hrútur. Fætur sterkir og fótstaða góð.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum. Svört doppa á bol, í baki og á síðu. Engin gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þel allþykkt. Togið fremur gróft, stutt í baki en hrokkið.

**Reynsla:** Kraftur 11-947 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann fékk dágóða notkun fyrsta árið á stöð en talsvert minni notkun sl. vetur. Kraftur skilaði þrýðilega vænum lömbum í haust

**Mál og stigun:** 2011-44-108-32/2,1/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

en ómmælingar og stigun afkvæma hans lá nærri meðaltali afkvæma hyrndu stöðvahrútanna.

BLUP-kynbótamat Krafts fyrir frjósemi dætra hækkaði umtalsvert í vor þegar frjósemi veturgamalla dætra hans um allt land lá fyrir. Sterkar vísbendingar eru um að Kraftsdætur mjólki lömbum sínum vel. Í uppgjöri fjárræktarfélaganna árið 2016 átti hann 40 dætur í sinni heimasveit sem fengu 5,2 afurðastig að jafnaði. Kraftur er alhliða kynbótahrútur sem verðskuldar góða notkun nú á komandi fengitið.

**Litaerfðir:** Kraftur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

12-960

**MALLI**

frá Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit (Keyptur frá Skorholti, Hvalfjarðarsveit)



MMFF:Toppur 00-897

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2017
Fjöldi	120
Pungi	47,0
Fótleggur	110
Læri	17,4
Ull	7,9
Ómvöðvi	29,0
Ómfita	3,2
Lögun	4,0

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	116
Fita	98
Skrokkgæði	107 (99%)
Frjósemi	107 (88%)
Mjólkurlagni	107 (82%)
Heildareinkunn	107

**Lýsing:** Mórauður, finhyrndur með svipfríðan haus. Herðar örliði háar og vantar lítillga í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og vel vöðvað. Vel fylltar malir, þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Bollengd í meðallagi. Mjög gæfur hrútur.

**Ullarlýsing:** Mórauður, töluvert um grá hár í togi. Ullarstuttur og reyfið lítið. Þelið þokkalega þykkt, togið stutt og fingert.

**Reynsla:** Malli 12-960 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en hann var þangað fenginn til viðhalds mórauða litnum í sauðfjárstofninum. Malli fékk talsverða notkun á sínu fyrsta ári á stöð og kom dágóður hópur afkvæma hans af báðum kynjum til skoðunar nú í haust. Þessi lömb standa

**Mál og stigun:** 2012-44-106-32/2,0/4,0-8-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

að meðaltali ögn neðar í ómmælingum og stigun en afkvæmi flestra hyrndu stöðvahrútanna enda Malli valinn inn á stöð á öðrum forsendum. Mikið af snotrum lömbum var samt að finna í þessum hópi og dálítið af ágætum hrútsefnum. Flokkun sláturlamba undan Malla var góð nú í haust og fóru 10% þeirra í holdfyllingarflokkinn E.

Sú reynsla sem komin er á nokkra tugi Malladætra í Hvalfjarðarsveitinni lofar góðu sem og kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika.


**Litaerfðir:** Malli er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-951

**BURKNI**

frá Mýrum 2, Hrótafirði.



FMF: JÖKULL 07-844, MFFF: KULDI 03-924, MMFF: VINUR 99-867.



13-951

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2016	2017
Fjöldi	183	202
Pungi	47,2	48,0
Fótleggur	109	109
Læri	17,8	17,8
Ull	7,7	7,6
Ómvöðvi	31,7	31,5
Ómfita	3,3	3,2
Lögun	4,2	4,3

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	117
Fita	109
Skrokkgæði	113 (100%)
Frjósemi	101 (94%)
Mjólkurlagni	109 (78%)
Heildareinkunn	108

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Háls stuttur og vel tengdur við breiðar mjög holdfylltar herðar. Bakið kúpt og vel holdfyllt. Malir og læri með frábæra vöðvafyllingu. Fótstaða áberandi gleið og sterkleg. Burkni er harðholda og bollengd hans í meðallagi. Gæfur hrútur. Metfé að allri gerð.

**Ullarlýsing:** Rauðbirkinn á haus og fótum. Talsvert um gul hár í reyfi. Mjög ullarmikill. Reyfið þykkt og jafnt. Togið hrokkið og fremur gróft. Þelið mikið.

**Reynsla:** Burkni 13-951 er að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann hefur fengið talsvert mikla notkun til þessa og því skýr mynd komin af afkvæmum hans. Övenju sterkur systkinasvipur einkennir lömbin. Þau eru útlögumikil og breiðvaxin með

**Mál og stigun:** 2013-46-106-30/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,0=84,5 stig

holdþykkt bak, breiðar og holdgrónar malir og mikil lærahold. Mörg þeirra eru með dökk horn. Ullin er yfirleitt fremur togstutt, sterkgulur litur í hnakka og á fótum og gul hár oft útbreidd um bolinn. Burkni bætir því ekki ullargæði en er meðal öflugustu stöðvahrúta hvað skrokkgæði varðar. Flokkun sláturlamba undan Burkna var mjög góð nú í haust og fóru 16 % þeirra í holdfyllingarflokk E. Aðeins einn stöðvahrútur, Bjartur 15-967 frá Ytri-Skógum, átti herra hlutfall sláturlamba sem fóru í þann holdfyllingarflokk.

Sú reynsla sem komin er á dætur Burkna bendir til þess að þær verði í meðallagi frjósamar og mjólkurlagni þeirra sé vel yfir meðallagi.


**Litaerfðir:** Burkni er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-953

**DREKI**

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.



MMFF: Hylur 01-883, MMMF: Svaði 94-998.



13-953

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2016	2017
Fjöldi	292	350
Pungi	48,7	48,4
Fótleggur	110	110
Læri	17,8	17,7
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	31,1	30,7
Ómfita	3,1	3,0
Lögun	4,2	4,2

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	110
Fita	117
Skrokkgæði	114 (100%)
Frjósemi	104 (97%)
Mjólkurlagni	112 (78%)
Heildareinkunn	110

**Lýsing:** Hvítur, vel og fallega hyrndur með mjög fríðan haus. Herðar örlítið háar en bolur sivalur og útlögur góðar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir breiðar og mjög holdfylltar. Lærahold frábær, innanlærisvöðvi áberandi mikill. Fótstaða góð. Bollangur hrútur, glæsilegur í alla staði.

**Ullarlýsing:** Fölgur á haus og fótum. Örlítið gult á mölum. Ullarmagn í meðallagi en reyfið jafnt. Þelið allþykkt og jafnt. Togið hrokkið en fremur gróft, styttra í baki.

**Reynsla:** Dreki 13-953 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur til þessa verið einn eftirsóttasti hrútur stöðvanna og á því þegar fjölda afkvæma um allt land. Sterkustu einkenni afkvæma hans eru mikill vænleiki og áberandi góð bollengd.

**Mál og stigun:** 2013-50-111-36/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

Holdfylling lambanna er aðeins breytileg en mikill meirihluti þeirra er með þykkun bakvöðva og holdfylltan afturpart. Tveir synir Dreka koma nú inn á stöðvarnar, Drangi 15-989 og Fáfniir 16-995.

BLUP-kynbótamat Dreka fyrir frjósemi dætra lækkaði nokkuð í ár þegar upplýsingar um frjósemi veturgamalla dætra hans um land allt komu inn. Mat á frjósemi dætra er samt enn í góðu lagi. Væntingar standa til að dætur hans verði góðar mjólkurærs eins og BLUP-kynbótamatið bendir til. Fyrstu upplýsingar um dætur fyrir haustið 2017 slá hreint ekki á þær væntingar.

**Litaerfðir:** Dreki er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórault né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-954

**TANGI**

frá Klífmýri, Skarðsströnd (keyptur frá Svarfhóli, Laxárdal).

VOGUR 11-499

BLAÐKA 09-853

TENÓR 08-873 ~ BÓT 05-659

DÖKKVI 07-809 ~ DELLA 07-404

FMF: HYLUR 01-883, FMMF: SNÚÐUR 00-91 I, MMFF: ÁLL 00-868.

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2016	2017
Fjöldi	65	107
Pungi	48,0	47,5
Fótleggur	109	109
Læri	17,9	17,8
Ull	7,9	8,0
Ómvöðvi	31,5	31,4
Ómfita	2,9	3,1
Lögun	4,2	4,2

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	117
Fita	104
Skrokkgæði	111 (99%)
Frjósemi	94 (93%)
Mjólkurlagni	100 (80%)
Heildareinkunn	102

**Lýsing:** Hvítur, finhyrndur með fríðan haus.

Háls vel bundinn við búk en bolvídd í meðallagi. Örlítið slóður fyrir aftan bóga. Holdfylling í baki og á mölum góð, lærahold mikil og vöðvinn vel lagaður. Fætur réttir og sterkir. Hrutur sem samsvarar sér vel og er fallegur á velli.

**Ullarlýsing:** Ljósugulur á haus, fótum og dindli. Örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel þykkt og glansandi. Togið fremur fint. Ull falleg.

**Reynsla:** Tangi 13-954 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann fékk litla notkun á fyrsta árinu en notkunin jókst talsvert á síðasta ári. Algerlega ástæðulaust er að sneiða hjá Tanga því synir hans voru með hæstu heildarstig allra sona hyrndu stöðva-hrutanna nú í haust. Synirnir voru um meðallag hvað vænleika snerti, bakvöðvi þeirra mældist einn sá þykkasti og lögun jafnframt prýðileg. Holdgott bak og öflugur afturpartur einkennir afkvæmahópinn.

**Mál og stígun:** 2013-49-110-31/2,5/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

Mörg lambanna eru hreinhvít eða vel hvít. Í þessum hópi mátti finna mörg hrútsefni og glæsilega einstaklinga. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að Tangi muni skila ám sem verða tæplega nógu frjósamar. Sextán tvævetlur undan honum á Svarfhóli áttu þó 2,1 lamb sl. vor að jafnaði. Veturgamlar dætur hans út um land eru fáar vegna takmarkaðrar notkunar fyrsta árið á stöð og því er mat á frjósemi dætra ekki alveg öruggt enn. Sú takmarkaða reynsla sem komin er á dætur Tanga bendir til þess að þær reynist í meðallagi mjólkurlagnar en dætur hans á Svarfhóli höfðu 5,0 afurðastig að jafnaði haustið 2016. Tangi er mjög eindreginn kynbótahrútur hvað skrokkgæði varðar.

**Litaerfðir:** Tangi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-963

**STÓLPI**

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi

KLAKI 11-772

11-194

FROSTI 07-843 ~ 06-677

LAUFI 08-848 ~ 08-890

FMF: Lási 02-944; MMF: Raftur 05-966

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2017
Fjöldi	98
Pungi	48,2
Fótleggur	109
Læri	17,4
Ull	7,7
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	2,9
Lögun	4,1

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	111
Fita	112
Skrokkgæði	112 (99%)
Frjósemi	99 (89%)
Mjólkurlagni	110 (85%)
Heildareinkunn	107

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með stórskorinn haus en finleg horn, breiðar og miklar herðar, breiða bringu og miklar útlögur. Bak holdgróið. Malir breiðar og lærahold góð. Fætur sterklegir og fótstaða góð. Bollangur og frísklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus, fótum og í dindli, örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmikill, þel mjög þykkt og mikið. Tog styttra í baki – fremur strítt og gróft.

**Reynsla:** Stólpi 13-963 er að hefja sinn annan vetur sem sæðingastöðvahrútur. Hann var í afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli haustið 2015 þar sem hann skipaði efsta sætið í heildaruppgjöri. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og tæplega 100 synir hans komu til skoðunar nú í haust.

**Mál og stígun:** 2013-62-109-35/2,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-7,5-8,0-9,0=88,0 stig

Afkvæmi hans eru þroskamikil með góðan frampart og mörg með þykkun og vel lagaðan bakvöðva. Veikasti parturinn í afkvæmum hans eru lærahold. Niðurstaðan af skoðun hrútlamba undan honum í haust endurspeglar mjög vel niðurstöðuna heima á Hjarðarfelli haustið 2015.

Væntingar standa til að Stólpi verði góður ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Árið 2016 sýndu 20 dætur hans frjósemi um meðaltal og höfðu 5,3 afurðastig að jafnaði um haustið.

**Litaerfðir:** Stólpi er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórault né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-964

**TOPPUR**

frá Kaldbak, Rangárvöllum

KORGUR 12-110

HÆ-FERNA 12-132

MASSI 10-111 ~ HÆ-HAGSÆLD 08-090 BORDI 08-838 ~ HÆ-SJÖA 07-131

FFF: PRJÓNINN 07-812; FMFF: RAFTUR 05-966; FMMF: KJALVAR 02-943

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

2017

Fjöldi	92
Pungi	46,8
Fótleggur	110
Læri	17,5
Ull	7,8
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	3,1
Lögum	4,2

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	121
Fita	113
Skrokkgæði	117 (99%)
Frjósemi	95 (86%)
Mjólkurlagni	97 (81%)
Heildareinkunn	103

**Lýsing:** Hvítur, vel hyrndur með þróttlegan haus. Herðar örliði háar en vel holdfylltar. Útlögur góðar. Bakið átaksgott. Malir kúptar og holdfylltar. Lærvöðvi þykkur og vel lagaður. Bollangur og tillkomumikill hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum, ullarlítil. Mikið um gul hár í reyfi og einnig nokkuð um svartar doppur. Þel nokkuð jafnt. Tog meðalgróft og stutt, sérstaklega ofantil.

**Reynsla:** Toppur 13-964 er að hefja sinn annan vetur sem sæðingastöðvahrútur. Hann var valinn inn á stöð á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Kaldbak. Hann fékk umtalsverða notkun síðasta vetur og tæplega 100 synir hans komu til skoðunar í haust og í þeim hópi margir góðir gripir. Synir hans eru heldur undir

**Mál og stígun:** 2013-47-111-30/2,2/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

meðallagi hvað vænleika snertir en jafnir að gerð. Ekki var mikið um framúrskarandi gripi en afkvæmi hans sem fóru í sláturhús flokkuðust mjög vel og kynbótamat fyrir gerð og fitu stendur nær óbreytt milli ára.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika er honum óhagstætt líkt og getið var um í hrútaskrá síðasta árs en Toppur hefur í ættartré sínu gripi sem ekki hafa reynst vel sem ærfeður. Mat fyrir frjósemi hefur þó hækkað um eitt stig milli ára en dætur hans syndu góða frjósemi á Kaldbak nú í vor. Þær eru um meðaltal sem mjólkurær og hafa skilað vel gerðum lömbum.

**Litaerföir:** Toppur er arfblendinn hvítur – gefur mórauðan lit en ekki tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-985

**LÁSI**

frá Leifsstöðum, Öxarfirði.

HVÍTUR 10-786

YRSTA 06-706

SNATI 07-174 ~ DENA 06-705

LÁSI 02-944 ~ NYRSTA 04-502

FMF: Hylur 01-883; MMF: Spakur 00-909; FMMF: Sjóður 07-846

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	113
Fita	103
Skrokkgæði	108 (97%)
Frjósemi	107 (88%)
Mjólkurlagni	122 (79%)
Heildareinkunn	112

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með svipmikinn haus. Jafnvaxinn og vel gerður hrútur í alla staði með áberandi góð bakhöld.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum. Aðeins um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Togið meðalgróft en fremur stutt.

**Reynsla:** Lási var fenginn á sæðingastöðvarnar sumarið 2017. Valið byggir á góðri reynslu af honum á heimabúi sem prýðilegum lambaföður en ekki síður sem mjög efnilegum ærföður. Hvítur 10-786 faðir hans hefur verið mikið notaður á Leifsstöðum og víðar og getið sér gott orð sem öflugur kynbótahrútur. Hvítur var til skoðunar sem sæðingastöðvahrútur en reyndist með áhættuarfgerð. Á Leifsstöðum hefur Lási alltaf staðið mjög ofarlega

**Mál og stígun:** 2013-44-109-37/2,1/4,5-8,0-8,0-8,5-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig.

fyrir kjötmatsniðurstöður afkvæma. Haustið 2016 var meðalfallpungi 60 afkvæma Lása 17,5 kg, einkunn fyrir gerð var 10,3 og fyrir fitu 7,2. Meðalfallpungi búans var þá 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og fitu 6,9.

Dætur Lása sýna frjósemi um meðaltal og eru hörkugóðar afurðær en á þriðja tug dætra hans höfðu 5,7 afurðastig að jafnaði haustið 2017.

Móðir Lása, Yrsta 06-706, var frábær afurðær. Hún var einlembd gemlingur, þrisvar tvílembd, jafn oft þrílembd og einu sinni einlembd eftir það og hafði 9,6 afurðastig.

**Litaerföir:** Lási er arfblendinn hvítur, erfir tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hrein hvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



## Með RITCHIE kerfinu verður meðhöndlun sauðfjár leikur einn.

Einingarnar í RITCHIE kerfinu eru hannaðar til þess að ganga saman sem eykur notkunarmögu- leika og styttrir vinnuferla. Einingarnar eru teinaðar saman á fljótlegan og einfaldan hátt. Allar vörurnar frá RITCHIE eru heitgalvanhúðaðar sem tryggir hámarksendingu við íslenskar aðstæður.



### Fjárnog með skífu

Hagkvæmur kostur, heitgalvanhúðað búr, dempari tryggir minni hreyfinu á vísi.



### Fjárnog með tölvu

Fljótvirkur og nákvæmur kostur. Heitgalvanhúðað búr. Val um tvær tölvur. Einfaldar, vandaðar og þægilegar.



### Fjárgangur

Til meðhöndlunar og flokkunar á sauðfé. Grun- neining. Mögulegt er að bæta við grunneiningu eða kaupa staka hluti úr henni.



### Combi-Clamp - fjárklemman

Fjárklemman klemmir féð og heldur því kyrru á meðan það er meðhöndlað. Flokkun í 3 áttir. Rétt vinnuhæð. Góð reynsla hér á landi. Sérþöntun.

## Aðrar vörur í sauðfjárbúskapinn:

**Gerðisgrindur** - Koma í tveimur lengdum, 1,2 m og 1,8 m. Teinast saman. Hagstætt verð.

**Gjafagrindur** - Gjafagrindurnar frá Ritchie eru sterk smíði. Teinaðar saman. Einfaldar í meðhöndlun. Heitgalvanhúðaðar.

**Drykkjarker** - Drykkjarker með floti, henta vel í fjárhúsin. Galvaniseruð á góðu verði.

**Rafmagnsheyskeri** - Meðfærilegur og góður. Sker rúllur eins og smjör.



**PÓR** HF

REYKJAVÍK:  
Krókháls 16  
Sími 568-1500


AKUREYRI:  
Lónsbakka  
Sími 568-1555

Vefsíða:  
[www.thor.is](http://www.thor.is)

14-966

**VINUR**

frá Haukatungu syðri 2, Snæfellsnesi



MMF: KVEIKUR 05-965; MMF: PÚKI 06-807

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2017
Fjöldi	94
Pungi	47,7
Fótleggur	108
Læri	17,7
Ull	8,1
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	3,1
Lögur	4,1

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	125
Fita	101
Skrokkgæði	113 (99%)
Frjósemi	110 (78%)
Mjólkurlagni	93 (71%)
Heildareinkunn	105

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með þröttlegan haus. Mikil vídd og góð lögun er í frampart. Holdfylling í baki góð. Malir og læri með ákaflega mikla vöðvafyllingu og vel lagaða og hvelfda vöðva. Vinur er örlítið útskeifur á framfótum en fótstaðan sterkleg. Bollengd í góðu meðallagi. Samanrekinn holdaköggull með feikna breiðan og holdfylltan afturpart.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum og aðeins gult í haus en gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmikill með þykkt þel. Tog ekki dæmt vegna þófa í ull.

**Reynsla:** Vinur 14-966 kom á stöð síðasta haust á grunni afkvæmarannsóknar á heimabúi. Hann fékk nokkra notkun síðasta vetur og tæplega 100 synir hans komu til skoðunar í haust. Þegar horft er á meðaltöl dóma sona hans er niðurstaðan að Vinur

**Mál og stígun:** 2014-48-109-32/2,6/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

sé í góðu meðallagi þeirra eiginleika sem metnir eru. Breiður og holdfylltur afturpartur einkennir afkvæmi hans. Í hópnum var nokkra úrvalsgripi að finna. Þau afkvæmi hans sem fóru í sláturhús flokkuðust mjög vel en 70% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E og U, þar af 15% í E. Kynbótamat hans fyrir gerð hækkaði heldur milli ára og eru skrokkgæðaeiginleikar afkvæma hans því óumdeildir.

Vaxandi reynsla er að fást á Vin sem ærföður, dætur hans hafa mjög góða frjósemi en sem mjólkurætur eru þær breytilegar, 20 dætur hans á heimabúi höfðu að jafnaði 4,5 afurðastig nú í haust.


**Litaerfðir:** Vinur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

14-986

**BERGSSON**

frá Valdasteinsstöðum, Hrótafirði.



MMF: Kaldi 03-989; MFFF: Þrjónn 07-812

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	111
Fita	116
Skrokkgæði	114 (95%)
Frjósemi	117 (83%)
Mjólkurlagni	108 (72%)
Heildareinkunn	113

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með kröftugan haus. Herðar fremur grófar en frampartur vel holdfylltur. Mala- og lærahold góð. Stór og bollangur hrútur.

**Ullarlýsing:** Ljósulur á fótum, svolítið um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog misskipt, lítið í baki en meðalfint.

**Reynsla:** Bergsson 14-986 kom á sæðingastöð sumarið 2017 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Valdasteinsstöðum. Hann hefur öll haust sýnt yfirburði sem lambafaðir, afkvæmi hans eru heldur yfir meðallagi hvað vænleika snertir samhliða góðri gerð og lítilli fitu. Við skoðun lifandi lamba hefur hann öll haust verið í efstu sætum í samanburði heimahrúta. Nú í haust var meðalfallþungi tvílembingshrúta undan honum 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,1 og fyrir fitu 6,3. Meðaltal tvílembingshrúta á búinu í haust var fallþungi 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og fyrir

**Mál og stígun:** 2014-60-108-37/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=87,5 stig

fitu 6,6.

Við val Bergssonar var ekki síður horft til hans sem öflugar ærföður. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika er hagstætt en mat fyrir frjósemi er heldur ofmetið vegna áhrifa frá Kalda 03-989 sem er móðurmóðurfaðir hans, en Bergsson ber ekki erfðavísi fyrir Þokugeni. Dætur hans sýndu frjósemi á búsméðaltali í vor og skiluðu góðum lömbum í haust. Dætur hans á komandi vetri verða 40 talsins og telja 8% af ærstofni búans. Bergsson hefur því alla burði til að verða öflugur alhliða kynbótahrútur.

Móðir hans, Eðalgæf 11-143 er frábær afurðætur. Hún var einlembd gemlingur, síðan einu sinni einlembd, þrisvar tvílembd, einu sinni þrílembd (Bergsson er fæddur þrílembingur) og hefur 9,4 afurðastig.

**Litaerfðir:** Bergsson er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



## Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.



15-968

**TINNI**

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum

SALAMON 10-906

TÝRA 07-559

KJARKUR 08-840 ~ BOMBA 09-045 GRUNUR 05-258 ~ GLYRNA 06-498

MMF: BLETTUR 05-967



15-968

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2017
Fjöldi	131
Pungi	48,2
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	30,4
Ómfita	3,0
Lögur	4,1

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	120
Fita	92
Skrokkgæði	106 (99%)
Frjósemi	96 (73%)
Mjólkurlagni	101 (65%)
Heildareinkunn	101

**Lýsing:** Svartur, finhyrndur með svipmikinn haus og vanin horn. Frampartur óvanalega víður og hvelfdur. Bakið breitt og mjög átaksgott. Malir breiðar og vel fylltar. Lærahold mjög góð. Bollengd í meðallagi.

**Ullarlýsing:** vel svartur – örlítið ber á gráum hárum í reyfi aftan til. Ullarmagn í góðu meðallagi. Tog hrokkíð, jafnt og glansandi. Þel í meðallagi þykkt.

**Reynsla:** Tinni 15-968 bættist í hóp sæðingastöðva-hrúta haustið 2016 eftir afkvæmarannsókn á heima-búi hans, Ytri-Skógum. Þar voru helstu einkenni afkvæma hans góð holdfylling og sérstaklega öflug mala- og lærahold. Tinni var talsvert notaður síðasta vetur og allstór hópur sona hans kom til skoðunar í haust. Afkvæmi hans eru holdþétt og fongulegar kindur og sýna sömu einkenni og hópurinn heima í Ytri-Skógum gerði síðasta haust, þ.e. mikil mala- og lærahold eru þeirra sterkustu einkenni. BLUP-

**Mál og stigun:** 2015-47-107-31/3,1/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,0 stig

kynbótamat fyrir gerð endurspeglar síðan þessa góðu gerð enda flokkast afkvæmi hans vel. Tinni gefur hins vegar ögn feitari lömb en aðrir kollegar hans á sæðingastöð og varast ætti notkun hans þar sem fitusófnun hefur verið vandamál. Sem ærfaðir er Tinni lítið reyndur en væntingar standa til þess að dætur hans verði um meðallag bæði í frjósemi og mjólkurlagni, líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir til um. Í Ytri-Skógum voru til 12 dætur hans, tvær létu síðasta vetur en hinar 10 áttu allar eitt lamb í vor. Þær skiluðu mjög vænum lömbum nú í haust og hluti þeirra með mjög öflugar lífgimbrar. Frekari reynsla mun varpa betra ljósi á hvar Tinni stendur sem ærfaðir.

**Litaerfðir:** Tinni er arfhreinn svartur, gefur ekki mórâuðan lit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

15-990

**MÁVUR**

frá Mávahlíð, Snæfellsnesi.

BLIKI 12-001

DRÖFN 12-008

GOSI 09-850 ~ YLFA 09-012

HRÓI 07-836 ~ GUGGA 10-005

FMMF: Abel 00-890; MMFF: Þróttur 04-991



15-990

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	115
Fita	122
Skrokkgæði	119 (93%)
Frjósemi	101 (68%)
Mjólkurlagni	101 (60%)
Heildareinkunn	107

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með fríðan haus. Herðar holdfylltar, útlögur miklar, bakið holdgróið og átaksgott. Malir breiðar og holdfylltar. Frábær lærahold. Mávur er glæsilegur og bollangur hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur með dökka skugga við augu og á nösnum. Ullarmikill, togíð langt en fint og gljáandi. Þelið jafnt og þykkt.

**Reynsla:** Mávur 15-990 var fenginn á sæðingastöð haustið 2017 að aflokinni afkvæmarannsókn á úrvalshrútum á Snæfellsnesi sem fram fór að Gaul í Staðarsveit. Mávur stóð afgerandi efstur í þessum samanburði bæði eftir skoðun lifandi lamba og úr mati sláturlamba. Afkvæmi hans voru í meðallagi hvað varðar vænleika, með mjög þykkun og vel lagaðan bakvöðva, samhliða lítilli fitu. Þetta voru

ákaflega jafnvaxin, bollöng og holdþétt lömb sem mörg voru hreinhvít með mikla og fallega ull. Fallþungi afkvæma Mávs var 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 5,8. Meðaltöl rannsóknarinnar voru 18,1 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 7,1. Skiljanlega er mjög takmörkuð reynsla komin á Máv sem ærföður. Móðir hans, Dröfn 12-008 var tvílembd gemlingur og ætíð síðan nema tvisvar þrílembd, mikil afurðær með 6,8 afurðastig og hafa mörg lamba hennar verið sett á eða seld til lífs.

**Litaerfðir:** Mávur er arfblendinn hvítur, gefur mórâuðan lit og tvílit – gefur hreinhvít


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2015-56-109-34/2,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,5 stig



# 15-992 ÓÐINN

frá Skörðum, Miðdölum.



MMF: KJALVAR 02-943



## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	118
Fita	104
Skrokkgæði	111 (95%)
Frjósemi	103 (77%)
Mjólkurlagni	105 (67%)
Heildareinkunn	106

**Lýsing:** Hvítur, fremur krapphyrndur með svipmikinn haus. Mjög breiðvaxinn og bolvíður hrútur. Bak- mala- og lærahold frábær. Lærvöðvi mjög kúptur og fyllir vel niður. Glæsilegur hrútur í alla staði.

**Ullarlýsing:** Sterkgulur í hnakka og á dindli. Gul hár áberandi um allt reyfi. Ullarmikill. Reyfi þykkt og mikið. Tog þokkalega jafnt og meðalgróft.

**Reynsla:** Óðinn 15-992 var fenginn á sæðingastöð haustið 2017 að lokinni afkvæmarannsókn á Gilsbakka í Hvítársíðu. Í þeirri rannsókn sýndi Óðinn ekki skýra yfirburði við samanburð hrútlamba en í samanburði gimbrarlamba stóð hann efstur í rannsókninni. Meðalfallþungi allra tvílembinga undan honum á Gilsbakka reyndist vera 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 6,5. Meðalfallþungi allra tvílembinga var 17,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og fyrir fitu 6,6. Við val hans var ekki síður horft á niðurstöður heima í Skörðum en þar átti hann einnig stóran hóp afkvæma sem voru

heldur eldri þar sem hann var notaður þar áður en hann fór að Gilsbakka. Af 65 sláturlömbum hans heima á Skörðum fóru 16 lömb í holdfyllingarflokk E (24,6 %) og sá hópur sem helst keppti við lömbin undan Óðni þar voru afkvæmi veturgamals sonar hans. Skrokkgæðaeiginleikar afkvæma Óðins eru því óumdeildir.

Vegna aldurs er Óðinn ennþá óreyndur sem ærfaðir en allstór hópur veturgamalla dætra hans sýndi frjósemi aðeins undir búsméðaltali vorið 2017. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er hins vegar yfir meðallagi.

Móðir hans, 11-374 hefur reynt farsæl afurðaaer, einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 6,9 afurðastig en flest afkvæma hennar hafa verið sett á.

**Litaerfðir:** Óðinn er arfblendinn hvítur en erfir ekki mórautt. Gefur tvílitt og hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2015-47-104-33/2,4/5,0-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=84,5 stig




**Bústólpi**  
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

## Kraftblanda Fiskmjölsríkt kjarnfóður fyrir sauðfé



# 16-993 DÍMON

frá Hesti, Borgarfirði.



## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	112
Fita	111
Skrokkgæði	112 (87%)
Frjósemi	114 (50%)
Mjólurlagni	107 (50%)
Heildareinkunn	111

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus og sver horn. Holdfylling í frumparti góð, mjög breiðar herðar en útlögur í meðallagi. Bak- og malahold góð. Lærahold góð og loka klofi vel. Bollangur hrútur sem samsvarar sér vel. Fótstaða góð. Rólegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á fótum og í hnakka. Gult áberandi í reyfi. Reyfið þétt og þykkt, fremur jafnt. Tog fremur gróft í síðum og á mölum.

**Reynsla:** Dímon 16-993 var annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2017 lágu fyrir. Afkvæmahópur hans í rannsókninni var í tæpu meðallagi í vænleika en þessi lömb fengu besta vitnisburðinn bæði fyrir frumpart og læri. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Dímoni var 17,0

**Mál og stígun:** 2016-50-118-33/3,1/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig

kg, einkunn fyrir gerð 11,1 og einkunn fyrir fitu 5,0. Meðaltöl tvílembingshrúta í rannsókninni voru, fallþungi 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 5,0. Dímon er greinilega mjög öflugur kynbótahrútur hvað varðar gerð sláturlamba.

Þar sem Dímon er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin af dætrum hans en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni gefur væntingar um að dætur hans verði bæði frjósamar og góðar mjólkuræ.


Móðir hans, Gunnfríður 12-508 var einlembd gemlingur en síðan ætíð tvílembd, með 7,2 afurðastig.

**Litaerfðir:** Dímon er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# 16-995 FÁFNIR

frá Mýrum 2, Hnútafirði.



## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	121
Fita	110
Skrokkgæði	116 (91%)
Frjósemi	104 (50%)
Mjólurlagni	112 (50%)
Heildareinkunn	111

**Lýsing:** Hvítur, gleiðhyrndur með fríðan haus. Frumpartur vel gerður en aðeins hrjúfur um herðar og bolvið í meðallagi. Bak-, mala- og lærahold góð. Bollengd í meðallagi. Fallegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum og aðeins gult í ull. Ullarmikill. Þel þykkt og mikið. Tog fremur stutt og meðalgróft.

**Reynsla:** Fáfni 16-995 var valinn á sæðingastöð haustið 2017 að lokinni afkvæmarannsókn úrvals-hrúta í Miðfjarðarhólfi sem fram fór hjá þeim Böðvari Sigvalda og Ólöfu á Mýrum 2 á Heggstaðanesi. Fáfni sýndi góða niðurstöðu í afkvæmarannsókninni en skoðun lamba fór fram með hálf mánaðar millibili um miðjan september og í lok september.

Í þessari rannsókn gat að líta marga glæsilega einstaklinga. Afkvæmi Fáfnis eru undir meðallagi

**Mál og stígun:** 2016-51-106-35/3,2/4,5-8,0-8,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig

í vænleika en afbragðsvel gerð og fitulítill. Fallþungi afkvæma Fáfnis var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í rannsókninni var 18,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 7,3. Af sjálfu leiðir að Fáfni er óreyndur sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni er honum hagstætt. Við val hans á stöð var ekki síður horft til þess en að baki honum standa margir öflugir ærfeður líkt og sjá má í ættartré hans. Fáfni hefur því alla burð til að vera sterkur alhliða kynbótahrútur.

Móðir hans, 13-963, var einlembd gemlingur en tvílembd öll ár síðan með 6,6 afurðastig.

**Litaerfðir:** Fáfni er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórault né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

# 16-996 KUBBUR

frá Hríshóli, Eyjafjarðarsveit.



FMF: BORDI 08-838; MMF: GARRI | I-908; MFFF: KRAFTUR | I-947



## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	120
Fita	101
Skrokkgæði	111 (87%)
Frjósemi	108 (50%)
Mjólurlagni	109 (50%)
Heildareinkunn	109

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með vanin horn. Fínhyrndur. Breiðvaxinn hrútur með sívalan bók og miklar útlögur. Mikil breidd í baki og mölum samhliða góðri holdfyllingu. Lærahold mjög góð og vöðvinn kúptur. Bollengd í meðallagi. Samanrekinn holdahnýkill. Rólegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnakka og fótum. Gult ekki áberandi í reyfi. Þel þykkt og jafnt en togíð stutt, sérstaklega á baki. Ullarmagn í meðallagi.

**Reynsla:** Kubbur var valinn á sæðingastöð haustið 2017 á grunni niðurstaðna afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta sem haldin var á Hríshóli. Kubbur er ákaflega vel gerður einstaklingur en haustið 2016 stóð hann efstur á lambhrútasýningu í fjárræktarfélaginu Frey í Eyjafjarðarsveit. Í afkvæmarannsókninni stóð Kubbur annar í röðinni á eftir

**Mál og stigun:** 2016-51-104-36/3,4/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-9,0=88,0 stig

Tvisti samkvæmt heildareinkunn. Fallþungi afkvæma hans var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð var 11,2 og fyrir fitu 6,5. Meðalþungi í afkvæmarannsókninni var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og einkunn fyrir fitu 6,4.

Sökum ungs aldurs er Kubbur óráðinn sem ærfaðir en faðir hans Hnútur 15-751 lofar góðu sem slíkur. Móðir Kubbs, Haka 15-230, var einlembd gemlingur, átti þá Kubb og fékk 6,3 afurðastig fyrir. Hún var síðan tvílembd í vor.

**Litaerfðir:** Undan Kubb kom eitt dökkt lamb vorið 2017 - hann er því líklegast arfblendinn hvítur. Víðtækari notkun verður að varpa betra ljósi á litaerfðir hans.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## Hagkvæm tækjafjármögnun

Við bjóðum kaupleigu og tækjalán til að fjármagana kaup á landbúnaðartækjum. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Arion banka njóta hagstæðra kjara.


Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma **444 8800** eða sendu fyrirspurn á [tækji@arionbanki.is](mailto:tækji@arionbanki.is).

Nánari upplýsingar er að finna á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

 **Arion banki**  
- fyrir framtíðina

## 12-970 BRÚSI

frá Kollsá, Hnútafirði



MFF: FRAKKSSON 03-974; MMFF: OG MMMF: ÆGIR 01-916



12-970

### LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	155
Pungi	50,3
Fótleggur	111
Læri	17,5
Ull	8,4
Ómvöðvi	29,8
Ómfita	3,2
Lögur	3,9

### KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	103
Fita	110
Skrokkgæði	107 (99%)
Frjósemi	105 (80%)
Mjólklagnni	114 (73%)
Heildareinkunn	109

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með svipmikinn og sterklegan haus. Útlögur og bygging framparts í góðu meðallagi. Bakið vel vöðvafyllt. Mala- og lærahold prýðileg. Sterklegir fætur. Mjög bollangur og föngu- legur hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur með mikla ull. Þel þykkt og mikið. Tog hrokkið en fremur gróft. Ullin ekki togmikil.

**Reynsla:** Brúsi 12-970 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og átti næst stærsta lambhrútaþópin, sem kom til skoðunar í haust, undan kollóttum sæðingahrútum. Í þeim hópi mátti finna marga öfluga hrúta og skipuðu synir hans efstu sæti á sameiginlegum lambhrútasýningum á nokkrum

**Mál og stígun:** 2012-49-111-32/3,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stíg

stöðum í haust. Afkvæmi hans eru þroskamikil, vel gerð, sum feikilega bollöng og fríðleikskindur á að horfa.

Aukin reynsla er að fást á Brúsa sem ærföður og eru dætur hans bæði frjósamar og góðar mjólkuræ. BLUP-kynbótamat fyrir mjólkurlagni hefur hækkað frá fyrra ári. Minnt er á að Brúsi er fjarskyldur flestum þeim kollóttu hrútum sem dvalið hafa á sæðingastöð síðustu vetur og reynsla af notkun hans á fyrsta ári bendir til að hann sé mjög öflugur kynbótahrútur fyrir kollótta féð í landinu.


**Litaerföir:** Brúsi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

12-980

## LAMPI

frá Melum I, Árneshreppi.



FFF: Dalur 07-838; MFMF: Partur 99-914; MMMF: Ljómi 12-971



12-980

### KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	110
Fita	108
Skrokkgæði	109 (93%)
Frjósemi	106 (81%)
Mjólklagnni	113 (75%)
Heildareinkunn	109

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan en sveran haus. Herðar breiðar og frampartur sivalur og vel gerður. Malir vel holdfylltar, langar og breiðar. Lærvöðvi kúptur og lokar vel klofi. Lampi hefur sterka fætur, er glæsilegur á velli og ber aldurinn vel.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, mjög ullarmikill m.v. aldur. Jafnt reyfi og mikið þel. Tog jafnt, fremur hrokkið, fingert, mjúkt og glansandi.

**Reynsla:** Lampi var falaður á sæðingastöð sumarið 2017 og byggir val hans á góðri reynsla frá heimabúi. Lampi hefur verið farsæll hrútur sem skilar góðum dætrum, prýðilegum lömbum og er sjálfur endingargóð og falleg kind.

Hann hefur alltaf verið aðeins yfir búsméðaltali fyrir gerð sláturlamba og skilað nokkuð hóflegri fitu.

**Mál og stígun:** 2012-49-107-30/2,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stíg

Þá hefur hann alltaf gefið góðan vænleika. Haustið 2016 var meðal fallþungi afkvæma hans 18,4 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 6,6. Meðal-fallþungi á búinu var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og fyrir fitu 6,8.

Samkvæmt haustuppgjöri 2016 sýndi rúmur tugur dætra hans frjósemi og mjólkurlagni vel yfir búsméðaltali og höfðu þær 5,6 afurðastig að jafnaði.

Móðir Lampa, Sirpa 10-352, var einlembd gemlingur, síðan tvisvar þrilembd, einu sinni einlembd og einu sinni tvílembd og hafði 5,3 afurðastig. Haustið 2015 kom hún af fjalli með skemmt júgur og var þá felld.

**Litaerföir:** Lampi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-971

**EBITI**

frá Melum I, Árneshreppi

**LAMBHRÚTASKOÐUN**

	2017
Fjöldi	220
Pungi	50,3
Fótleggur	111
Læri	17,8
Ull	8,1
Ómvöðvi	29,9
Ómfita	3,5
Lögur	4,0

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	112
Fita	108
Skrokkgæði	110 (99%)
Frjósemi	95 (91%)
Mjólklagni	109 (86%)
Heildareinkunn	105

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með grófan og langan haus. Háls og herðar holdfylltar og útlögur í góðu meðallagi. Bak sterkt, breitt og vöðvafyllt. Malir langar og holdfylltar. Góð lærahold. Fætur sterkir og fótstaða góð. Áberandi bollangur og vörpulegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á fótum og gul hár fundust á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Tog hrokkið í baki en slétt í síðum, fremur gróft. Þel jafnt og meðalþykkt.

**Reynsla:** Ebiti 13-971 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en hann var mest notaði kollótti hrútur sæðingastöðvanna síðasta vetur. Mjög stór hópur sona hans kom til skoðunar í haust og margt mjög glæsilegra einstaklinga að finna í þeim hópi. Afkvæmi hans eru mjög þroskamikil, vel gerð, gríðarlega langvaxin og nokkur með mjög þykkar

**Mál og stígun:** 2013-52-107-36/5,1/4,5-8,0-9,0-8,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig


bakvöðva. Ebiti er mjög öflugur lambafaðir.

Val Ebita á sæðingastöð tók líka mið af því hversu góð fyrirheit hann gaf sem ærfaðir. Þau fyrirheit hafa hins vegar ekki alveg gengið eftir og viðbótarupplýsingar frá árinu 2016 lækkuðu BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika nokkuð. Dætur hans sýndu frjósemi heldur undir meðallagi og höfðu að jafnaði 5,0 afurðastig árið 2016. Frjósemi dætra hans var áfram heldur undir meðallagi vorið 2017. Reynsla af stærri dætrahóp árið 2018 mun skera endanlega úr um hvernig ærfaðir Ebiti verður.

**Litaerfðir:** Ebiti er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti og tvílit en ekki mórauðum lit – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

13-981

**MOLLI**frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.  
(Keyptur frá Stað, Steingrímsfirði.)

\*Barði 10-651 var albróðir Sirpu 10-352 móður Lampa 12-980;  
FMMF: Snoddi 99-896

**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	117
Fita	109
Skrokkgæði	113 (96%)
Frjósemi	117 (84%)
Mjólklagni	113 (75%)
Heildareinkunn	114

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Bolurinn sívalur og vel holdfylltur. Malir breiðar og lærvöðvi kúptur og vel lagaður. Langvaxinn og fallegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt og mikið þel. Togið þökkalega jafnt, fremur gróft en gljáandi.

**Reynsla:** Molli var fenginn í hóp sæðingastöðva-hrúta sumarið 2017. Molli á að baki farsælan feril á Stað í Steingrímsfirði en þangað kom hann frá Heydalsá sem lamb. Hann var valinn til þjónustu fyrir stöðvarnar sem mjög álitlegur alhliða kynbóta-hrútur. Molli hefur öll árin átt vænan og vel gerðan lambahóp. Haustið 2016 var meðalfallþungi afkvæma hans 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og fyrir fitu

7,0. Meðalfallþungi búans var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og fyrir fitu 7,0.

Dætur Molla fara ákaflega vel af stað í frjósemi og mjólklagni. Árið 2016 voru til 26 dætur hans sem sýndu frjósemi talsvert yfir búsméðaltali og höfðu 5,6 afurðastig að jafnaði um haustið.

Móðir hans 10-461, er sómakind sem alltaf hefur verið tvílembd þar til í vor að hún varð þrílembd og hefur 6,8 afurðastig. Molli ber ekki þokugen þó móðir hans sé dóttir Dolla 09-892.

**Litaerfðir:** Molli er arfblendinn hvítur, erfir tvílit og mórauðan lit – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2013-52-110-28/2,6/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,5-8,0-8,5=84,5 stig

# 14-973 PLÚTÓ

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði



## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	76
Pungi	49,9
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	8,4
Ómvöðvi	29,3
Ómfita	3,4
Lögun	3,8

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	109
Fita	100
Skrokkgæði	105 (98%)
Frjósemi	101 (70%)
Mjólurlagni	105 (65%)
Heildareinkunn	104

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með sveran, breiðan og þróttlegan haus. Háls vel bundinn við breiðar, vel holdfylltar herðar. Bringa breið og bolur vel sívalur. Bakið breitt og vel holdfylltar malir, lærvöðvi þykkur og fyllir vel í krikann. Bollengd í meðallagi og hrúturinn samsvarar sér vel.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur og ullarmikill. Tog glansandi, hrokkið og jafnt en í grófara lagi, sérstaklega á síðum. Þel mikið og þykkt. Ullarprúður.

**Reynsla:** Plútó 14-973 bættist í hóp sæðingastöðva-hrúta haustið 2016 eftir afkvæmarannsókn á heimabúi hans, Heydalsá. Þar voru afkvæmin um meðallag í vænleika, vel gerð og höflega feit. Plútó fékk nokkra notkun síðasta vetur og allstór hópur

**Mál og stigun:** 2014-50-106-27/3,9/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig


sona hans kom til skoðunar í haust. Sá hópur endurspeglar fyrri reynslu af Plútó sem lambaföður vel, en í hópnum var marga mjög glæsilega einstaklinga að finna, þykkt bakvöðva var þó ögn breytileg. Lítil reynsla er enn fengin á dætur Plútós. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur hækkað milli ára en nokkuð var ritað í síðustu hrútaskrá um líklegar ástæður þess að það væri vanmetið. Dætur hans heima á Heydalsá hafa sýnt ágæta frjósemi og skilað góðum lömbum að hausti. Frekari reynsla verður að varpa betra ljósi á hvernig ærfaðir Plútó verður.

**Litaerfðir:** Plútó er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# 12-978 MELUR

frá Melhól, Meðallandi. (Keyptur frá Þykkvabæjarklaustri 2, Álftaveri)



**Lýsing:** Hausinn er breiður og þróttlegur, herðar sæmilega breiðar og jafnar og útlögur góðar. Mala- og lærahold allgóð. Bollengd í meðallagi. Sterkir fætur. Hraustlegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Grár, þokkalega jafn litur en þó aðeins ljósari á lærum og bógum. Ullarmikill miðað við aldur með fallegt, mjúkt og liðað tog en móleitur toppar hafa aðeins komið í tugið með aldrinum. Þellitill en mætti þó vera þelminni miðað við feldræktun.

**Reynsla:** Melur 12-978 var tekinn á stöð sumarið 2017 til áframhaldandi viðhalds og dreifingar á feldeiginleikum. Feldfé hefur verið í ræktun í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er lítill og ræktendur orðnir fáir þar. Mikilvægt er að reyna að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun á þessum sérstöku ullar- og gærueiginleikum og koma upp feldfé í fleiri varnarhólfum. Ull af fé með mikil feldgæði er mjög eftirsótt af handverksfólki. Við ræktun feldfjár er lagt mat á fimm ullareiginleika. Þeir eru: Hreinleiki litar, gljái, hárgæði (fínt tog en sem minnst þel), lokkun togs og þéttleiki felds. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að byrja þessa ræktun. Þessa ullareiginleika er auðvelt að vinna með í kyn-

bótum þar sem arfgengi þeirra er hátt en rétt er að taka fram að þessi sérstöku ullar- og feldgæði koma ekki fram nema að takmörkuðu leyti í fyrstu kynslóð innlöndunar. Liflambasala hefur ekki verið leyfð úr Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólfi (hólfi 21) og sæðingar því eina leiðin til að bæta feldeiginleika smá saman utan þess varnarhólfs. Þeir ræktendur sem eiga dætur Gráfeldar 08-894 eða Lobba 09-939 ættu að leggja sérstaka áherslu á nota Mel á þær. Rétt er að taka fram að Melur er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag en þó tekur hann forvera sínum Lobba fram í þeim efnum. Lobbi er hins vegar eindregnari kynbótahrútur hvað varðar feldgæði og mun hann lifa fram yfir fengitíma. Það verður því enn hægt að panta sæði úr Lobba. Nokkur reynsla er komin á dætur Mels á Þykkvabæjarklaustri en þær hafa reynst frjósamar og þokkalega mjólurlagnar. Móðir hans 07-714 varð níu vetra og afurðaeinkunn hennar 5,7. Hún var höfð geld sem gemlingur, síðan tvílembd utan tvisvar einlembd og geld síðasta árið.

**Litaerfðir:** Melur er arfblendinn grár en gefur einnig mórauðan lit og tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# 15-977 NIKULÁS

frá Brakanda, Hörgárdal.

FORYSTU  
HRÚTUR

LJÓTUR 14-555

SYLVÍA 03-186

GAMLI 13-106 ~ LIPURTÁ 12-200

JÓAKIM 02-072 ~ FORA 93-078

FM: LIPURTÁ 12-200 Á SÖMU FORELDRA OG FLÓRGOÐI 11-886; MMF: MÓBLESI 89-921; MFFF: BISKUP 96-822; MMMF: SALÓMON 85-878.



15-977

**Lýsing:** Nikulás er svartarnhöfðottur, sokkóttur, hyrndur. Hann var valinn á sæðingastöð sumarið 2017 til liðsinnis við varðveislu forystufjár. Hann er frá Brakanda í Hörgárdal en þar má finna eina stærstu hjörð af hreinræktuðu forystufé á landinu í dag. Nikulás er hávaxinn og virðulegur og ber höfuðið hátt og hefur vakandi auga á öllu sem fram fer í kringum hann. Hann hefur sýnt ótvíræða forystueiginleika á heimabúi og er þægur og rólegur í umgengni en þó varkár og ekki mikið fyrir klapp og kjass, nema rétt sé að honum farið og hann þekki sinn „húsbóna“. Faðir Nikulásar, Ljótur 14-555 var frá Hafrafellstungu 1 í Öxarfirði en þar hefur lengi verið ræktað forystufé eins og víða á bæjum í N-Þingeyjarsýslu. Sæðingahrúturinn Geri 03-986 er FFFF Nikulásar en öflugt forystufé frá Vestaralandi, Klifshaga og Grímsstöðum á Fjöllum kemur einnig fyrir í föður-

ættinni. Sá forystuhrútur á sæðingastöð sem fyrstur kemur fyrir í ættartré Nikulásar er Móblesi 89-921 (MMF). Einum ættlið aftar koma fyrir gamlir kappar sem eru: Biskup 96-822 (MFFF), Prestur 94-823 (MFMF) og Salómon 85-878 (MMMM).

Móðir Nikulásar, Silvía 03-186 var róleg og þæg forystuær. Hún var höfð geld gemlingsveturinn en var æ síðan tvílembd nema síðasta árið sem hún lifði en þá, 12 vetra, átti hún Nikulás og ending hennar því góð.

**Litaerföir:** Undan Nikulásí geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## Ertu klár fyrir veturinn?



### Chevit E-Selen

Selen til inngjafar, gefið 1 pumpuslag 1-2 vikum fyrir fengitíma. Selenskortur getur valdið bæði ófrjósemi og snemmlambaláti.

Engar óþarfa nálastungur!



### Brynningarskálar í úrvali:

Flotskál, plast.....3.990kr  
Flotskál, galv.....5.990kr  
Ventilskál, svört.....6.990kr

4.900kr brúsinn, 125 skammtar



### Hágæða klaufklippur:

Hvítar.....6.400kr  
Grænar.....2.990kr



### Flokkunargangur

Flokkunarhlið.....79.900kr  
Grind, 2,4m.....25.300kr  
Grind, 3m.....20.490kr  
Grind, heil, 2m.....33.600kr



Sauðaklippur.....8.990

Sendum um  
land allt



Afhornunarfív, 1.240kr  
Handföng, 1.320kr

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi S:430-5500  
Opíð 8-18 virka daga og 10-14 laugardaga



## Fallnir hrútar 2016-2017 - Ástæður

10-889	Baugur	Felldur - fullnotaður
10-897	Roði	Felldur - fullnotaður
10-903	Hængur	Felldur - fullnotaður
10-906	Salamon	Drapst - dánarorsök óþekkt
10-919	Höfðingi	Felldur - fullnotaður
11-895	Drífandi	Felldur - fullnotaður
11-958	Gróði	Drapst, barkabólga
12-911	Bekri	Felldur - heilsufarsástæðu (legusár)
12-934	Hnallur	Felldur - fullnotaður
12-948	Hrauni	Felldur - fullnotaður
12-949	Jónas	Drapst - áverkar eftir slagsmál
12-950	Kaldi	Felldur - heilsufarsástæðu (tannvandamál)
13-927	Kjarni	Drapst, barkabólga
13-943	Voði	Felldur - fullnotaður
13-952	Börkur	Drapst - áverkar eftir slagsmál
13-975	Alur	Drapst - bráðkvaddur
14-955	Grímur	Drapst - afvelta
14-965	Kústur	Felldur - heilsufarsástæðu (liðabólgur)
14-974	Spessi	Drapst - þvagfærasýking







# Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjarhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með steinullareiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og illtendranleg. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

## Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Fjós



Fjarhús



Hesthús



**LímtréVírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Sölueld: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Hlíðasmára 12 - 201 Kópavogur

Netfang - sala@limtrevirnet.is

# Hrútar 2017-18, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2017

Hyrndir Númer og nafn	Fjöldi	Pungli	ÖMV	ÖMF	Lögun	Fótl.	Haus	H+h	B+útl.	Bak	Mallr	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	K.gerð	K.fita	K.skrokkgaði	K.krjósemi	K.mjóllurlagni	K.heild	Stöð 2017-18
10-903 Hængur	26	46,1	30,8	3,0	3,9	109,8	8,0	8,4	8,6	8,7	8,7	17,5	8,0	8,0	8,1	83,9	114	104	109	103	99	104	Fallinn
10-906 Salamon	23	49,2	30,9	2,8	4,1	109,4	7,9	8,4	8,6	8,8	8,8	17,9	7,8	8,0	8,4	84,7	113	106	110	105	108	108	Fallinn
10-919 Höfðingi	53	47,5	29,5	3,1	3,9	110,3	8,0	8,3	8,4	8,5	8,5	17,3	8,0	8,0	8,3	83,2	105	94	100	102	107	103	Fallinn
10-920 Kölski	143	47,7	30,5	2,9	4,1	110,1	8,0	8,3	8,6	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,2	110	111	111	120	104	112	Borgarnes
10-945 Kornelius	142	48,9	30,3	3,1	4,1	109,7	8,0	8,5	8,6	8,7	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,5	116	104	110	107	109	109	Borgarnes
11-895 Drífandi	15	45,1	30,0	3,0	4,0	107,8	8,0	8,4	8,6	8,7	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	84,0	116	101	109	109	96	105	Fallinn
11-946 Borkó	114	47,7	30,0	2,8	4,0	109,6	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,6	7,7	8,0	8,3	83,5	109	109	109	102	109	107	Laugardælar
11-947 Kraftur	50	48,5	30,0	2,9	4,1	109,4	8,0	8,4	8,6	8,7	8,6	17,7	7,9	8,0	8,3	84,1	112	106	109	110	107	109	Laugardælar
11-958 Gróði	186	46,6	31,2	3,1	4,2	109,3	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,6	119	106	113	109	106	109	Fallinn
11-959 Hörður	72	47,3	30,7	2,9	4,2	110,1	8,0	8,4	8,6	8,8	8,8	17,9	7,9	8,0	8,3	84,6	117	104	111	103	97	104	Borgarnes
12-911 Bekri	184	48,9	30,6	3,2	4,1	108,7	7,9	8,4	8,6	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,1	117	101	109	104	109	107	Fallinn
12-948 Hrauni	31	46,3	30,3	3,2	4,1	107,1	8,0	8,6	8,7	8,6	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,4	113	98	106	103	105	105	Fallinn
12-949 Jónas	85	46,4	30,0	3,5	3,9	106,8	8,0	8,4	8,6	8,5	8,6	17,7	7,7	8,0	8,2	83,7	119	90	105	113	98	105	Fallinn
12-950 Kaldi	171	48,2	30,1	2,8	4,1	108,1	8,0	8,5	8,7	8,7	8,6	17,6	7,9	8,0	8,4	84,3	110	111	111	105	103	106	Fallinn
12-960 Malli	120	47,0	29,0	3,2	4,0	109,5	8,0	8,4	8,5	8,4	8,5	17,4	7,9	8,0	8,2	83,2	116	98	107	107	107	107	Laugardælar
13-927 Kjarni	59	46,2	30,5	2,9	4,1	108,0	7,9	8,4	8,6	8,6	8,6	17,7	8,1	8,0	8,3	84,1	118	93	106	95	100	100	Fallinn
13-928 Lækur	24	48,7	31,0	3,1	4,1	107,6	7,8	8,5	8,5	8,9	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,3	113	103	108	93	106	102	Íbústöðu v/ranns.
13-951 Burkni	202	48,0	31,5	3,2	4,3	109,0	7,9	8,4	8,7	8,8	8,8	17,8	7,6	8,0	8,3	84,3	117	109	113	101	109	108	Laugardælar
13-952 Börkur	388	47,5	30,6	2,9	4,1	109,9	8,0	8,5	8,6	8,8	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,5	115	111	113	110	113	112	Fallinn
13-953 Dreki	350	48,4	30,7	3,0	4,2	109,5	7,9	8,3	8,5	8,7	8,7	17,7	7,9	8,0	8,4	84,1	110	117	114	104	112	110	Laugardælar
13-954 Tangi	107	47,5	31,4	3,1	4,2	109,1	8,0	8,4	8,6	8,9	8,8	17,8	8,0	8,0	8,3	84,8	117	104	111	94	100	102	Laugardælar
13-961 Bergur	283	48,4	30,6	3,2	4,1	109,0	8,0	8,3	8,6	8,7	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,2	107	108	108	104	111	108	Borgarnes
13-962 Klettur	223	48,9	29,9	2,7	4,0	110,3	8,0	8,3	8,5	8,7	8,6	17,6	7,9	8,0	8,3	83,9	110	114	112	112	112	112	Borgarnes
13-963 Stólpi	98	48,2	30,5	2,9	4,1	109,3	8,0	8,3	8,6	8,7	8,6	17,4	7,7	8,0	8,3	83,6	111	112	112	99	110	107	Laugardælar
13-964 Toppur	92	46,8	30,5	3,1	4,2	109,7	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,5	7,8	8,0	8,3	83,6	121	113	117	95	97	103	Laugardælar
13-975 Alur	16	48,3	29,7	2,9	3,9	107,5	7,9	8,3	8,5	8,5	8,5	17,4	7,9	8,0	8,3	83,2	105	96	101	101	99	100	Fallinn
13-984 Gutti																							
13-985 Lási																							
14-965 Kústur	138	47,3	30,9	3,1	4,2	108,0	8,0	8,2	8,5	8,7	8,6	17,5	7,9	8,0	8,2	83,7	121	101	111	98	104	104	Fallinn
14-966 Vinur	94	47,7	30,5	3,1	4,1	108,4	8,0	8,4	8,6	8,7	8,7	17,7	8,1	8,0	8,3	84,3	125	101	113	110	93	105	Laugardælar

14-986 Bergsson	111	116	114	117	108	113	Laugardællir																	
14-987 Frosti	125	94	110	110	105	108	Borgarnes																	
14-988 Tvistur	125	117	121	95	109	108	Borgarnes																	
15-967 Bjartur	143	47,0	31,2	3,1	4,2	108,7	8,0	8,4	8,7	8,8	8,8	17,8	8,0	8,0	8,3	84,7	123	104	114	103	101	106	Borgarnes	
15-968 Tinni	131	48,2	30,4	3,0	4,1	108,5	8,0	8,4	8,6	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,0	120	92	106	96	101	101	Laugardællir	
15-969 Hroki	26	45,4	31,8	3,4	4,2	110,2	8,0	8,4	8,6	8,9	8,8	17,8	7,8	8,0	8,1	84,3	110	101	106	93	108	102	Borgarnes	
15-989 Drangi	123	110	117	105	106	109	Borgarnes																	
15-990 Mávur	115	122	119	101	101	107	Laugardællir																	
15-991 Njörður	117	112	115	96	100	104	Borgarnes																	
15-992 Óðinn	118	104	111	103	105	106	Laugardællir																	
16-993 Dímon	112	111	112	114	107	111	Laugardællir																	
16-994 Durtur	122	108	115	103	106	108	Borgarnes																	
16-995 Fáfnir	121	110	116	104	112	111	Laugardællir																	
16-996 Kubbur	120	101	111	108	109	109	Laugardællir																	
<b>Meðaltal hyrndir:</b>	<b>3789</b>	<b>47,8</b>	<b>30,5</b>	<b>3,0</b>	<b>4,1</b>	<b>109,2</b>	<b>8,0</b>	<b>8,4</b>	<b>8,6</b>	<b>8,7</b>	<b>8,7</b>	<b>17,7</b>	<b>7,9</b>	<b>8,0</b>	<b>8,3</b>	<b>84,3</b>								


### Kollóttir

10-889 Baugur	26	51,3	30,8	3,0	4,0	110,4	8,0	8,6	8,7	8,8	8,6	17,8	8,3	8,0	8,4	85,1	108	115	112	92	104	103	Fallinn
10-897 Roði	9	50,6	29,5	3,6	3,8	112,4	7,9	8,4	8,6	8,3	8,6	17,6	7,9	8,0	8,4	83,7	107	113	110	94	110	105	Fallinn
11-979 Blær	104	115	110	110	110	124	115	Borgarnes															
12-934 Hnallur	40	48,7	29,8	3,3	4,0	110,1	7,9	8,4	8,5	8,6	8,6	17,6	8,0	8,0	8,4	83,9	115	99	107	87	99	98	Fallinn
12-970 Brúsi	155	50,3	29,8	3,2	3,9	110,6	7,9	8,4	8,6	8,6	8,7	17,5	8,4	8,0	8,4	84,5	103	110	107	105	114	109	Laugardællir
12-980 Lampi	110	108	109	106	113	109	Laugardællir																
13-940 Krapí	101	50,1	30,0	3,1	3,9	109,7	7,9	8,5	8,6	8,6	8,7	17,7	8,3	7,9	8,3	84,6	105	107	106	111	101	106	Borgarnes
13-941 Serkur	111	48,0	30,8	3,6	4,0	108,4	7,9	8,6	8,7	8,7	8,8	17,8	8,4	8,0	8,4	85,2	110	99	105	99	102	102	Borgarnes
13-944 Magni	57	47,9	30,2	3,0	3,9	108,2	8,0	8,4	8,5	8,6	8,6	17,7	8,4	8,0	8,3	84,4	111	111	111	96	101	103	Borgarnes
13-971 Ebiti	220	50,3	29,9	3,5	4,0	110,7	7,9	8,4	8,5	8,6	8,7	17,8	8,1	8,0	8,4	84,5	112	108	110	95	109	105	Laugardællir
13-981 Mollí	117	109	113	117	113	114	Laugardællir																
13-982 Móri	117	111	113	116	109	113	Borgarnes																
14-972 Fannar	106	50,2	30,5	3,6	4,0	109,8	7,9	8,5	8,6	8,7	8,6	17,6	8,3	8,0	8,4	84,8	103	106	105	102	111	106	Borgarnes
14-973 Plútó	76	49,9	29,3	3,4	3,8	108,8	7,9	8,4	8,6	8,5	8,6	17,7	8,4	7,9	8,4	84,5	109	100	105	101	105	104	Laugardællir
15-983 Kollur	114	105	110	101	107	106	Borgarnes																
<b>Meðaltal kollóttir:</b>	<b>901</b>	<b>49,8</b>	<b>30,1</b>	<b>3,4</b>	<b>4,0</b>	<b>109,8</b>	<b>7,9</b>	<b>8,5</b>	<b>8,6</b>	<b>8,6</b>	<b>8,7</b>	<b>17,7</b>	<b>8,3</b>	<b>8,0</b>	<b>8,4</b>	<b>84,7</b>							

**Meðaltal allir: 4690 48,2 30,4 3,1 4,1 109,3 8,0 8,4 8,6 8,7 8,7 17,7 7,9 8,0 8,3 84,3**

10-920  
**KÖLSKI**

frá Svínafelli 2 - Víðihlíð, Örfæsaveit.



10-920

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2015	2016	2017
Fjöldi	307	276	143
Pungi	46,3	48,0	47,7
Fótleggur	109	110	110
Læri	17,6	17,7	17,7
Ull	7,8	7,8	7,8
Ómvöðvi	30,2	31,1	30,5
Ómfita	2,9	3,0	2,9
Lögun	4,1	4,1	4,1

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	110
Fita	111
Skrokkgæði	111 (100%)
Frjósemi	120 (99%)
Mjólkurlagni	104 (98%)
Heildareinkunn	112

**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Bringan er breið og herðar með góðri holdfyllingu en lítilsháttar slöður fyrir aftan bóga. Breitt og sterkt bak. Mala- og lærahold góð. Kölski er sterklegur hrútur, bollangur og samsvarar sér vel.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur í baki. Togið meðalfint en stutt ofantil. Svört doppa á mölum.

**Reynsla:** Kölski 10-920 skipar þann heiðursess að vera reyndasti hrútur sæðingstöðvanna þennan veturinn, en hann er að hefja sinn fjórða vetur á stöð. Hann hefur ætíð fengið góða notkun, en skv. Fjárnvis hafa vel á fjórða þúsund ær verið sæddar með sæði úr honum. Sem lambafaðir hefur hann reynst prýðilega, gefið þykkann bakvöðva, góðan

**Mál og stigun:** 2010-40-109-30/2,1/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

þroska og innan um er alltaf töluvert af úrvals-gripum sem skara fram úr. Fyrir svo reyndan hrút er kynbótamatið orðið mjög lýsandi fyrir skrokk-eiginleikana, enda breytist það lítið milli ára.


Yfirburðir Kölska felast þó fyrst og fremst í frjósemi dætra en fyrir þann eiginleika stendur hann efstur núlifandi stöðvahrúta samkvæmt kynbótamati. Mjólkurlagni dætranna hefur verið aðeins breytileg en samkvæmt uppgjöri skýrsluhaldsgagna haustið 2016 voru dæturnar um meðallag. Fyrir þá sauðfjár-ræktendur sem hafa áhuga á að bæta frjósemi í stofni sínum er um að gera að nýta kosti Kölska meðan sæði úr honum býðst en þetta er að öllum líkindum síðasta ár hans á sæðingastöð.

**Litaerfðir:** Kölski er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

10-945  
**KORNELÍUS**

frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði.



MF: STAPI 01-091 VAR FAÐIR GRÁNA 03-957,  
MFF: PRÚÐUR 94-834, MMMF: FÓLI 88-911.



10-945

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2016	2017
Fjöldi	237	142
Pungi	49,1	48,9
Fótleggur	109	110
Læri	17,7	17,7
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	30,0	30,3
Ómfita	3,2	3,1
Lögun	4,1	4,1

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	116
Fita	104
Skrokkgæði	110 (100%)
Frjósemi	107 (97%)
Mjólkurlagni	109 (82%)
Heildareinkunn	109

**Lýsing:** Grábotnóttur með fríðan haus og vel hyrndur. Háls sver, herðar í hærra lagi en prýðilega holdfylltar. Bakhöld góð. Holdfylling í mölum og lærum ágæt. Mjög bollangur, stór og sterklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Grábotnóttur en grái liturinn ójafn, ullin fremur lítil. Þelið nokkuð jafnt en ekki þykkt. Togið mjög stutt en fremur fínt.

**Reynsla:** Kornelíus 10-945 er nú kynntur til leiks í hrútaskránni í þriðja sinn. Afkvæmi hans eru þroskamikil og væn. Þó gerð þeirra geti verið breytileg eru þau almennt prýðilega gerð og úrvalsgripur innan um. Góð bollengd er oft einkennandi.

**Mál og stigun:** 2013-50-111-36/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-0,0-8,0-8,5=85,5 stig

Líkt og BLUP-kynbótamat hans gefur til kynna er Kornelíus álitlegur ærfaðir, en í haust kemur fyrsti hópur veturgamalla dætra hans tilkomnar við sæðingar til uppgjörs, sem mun varpa betra ljósi á þá kosti hans. Kornelíus er því álitlegur alhliða kynbótahrútur sem jafnframt er valkostur fyrir þá sem vilja viðhalda litaflórunni og ná inn verndandi arfgerð m.t.t. mótstöðu arfgerð gegn riðuveiki.

**Litaerfðir:** Kornelíus er arfblendinn fyrir gráum og botnóttum lit í A-sæti. Jafnframt hefur hann erfðavísi fyrir mórauðum lit og tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

# 11-959 HÖRDUR

frá Gerði, Suðursveit



11-959

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	72
Pungi	47,3
Fótleggur	110
Læri	17,9
Ull	7,9
Ómvöðvi	30,7
Ómfita	2,9
Lögun	4,2

**Lýsing:** Hvítur (kolóttur), krapphyrndur með svípmikinn haus. Bolurinn sívalur en herðar örlítið í hærra og skarpara lagi en með góðri vöðvafyllingu. Breitt og sterkt bak. Óflug mala- og lærahold. Sterkleg fótstaða. Harðholda með sterka afturbýggingu. Rólegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum. Mikil gult í reyfi og svartar doppur nokkuð víða. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullin stutt. Togið stutt en jafnt. Þel lítið en jafnt.

**Reynsla:** Hörður 11-959 bætist við hrútaflota sæðingastöðvanna sumarið 2016. Hann hafði sýnt mikla yfirburði sem lambafaðir á heimabúi. Útkoma Harðar í haust bar honum gott vitni og stóðst hann þær væntingar sem til hans voru gerðar. Synir hans

hlutu að meðaltali 17,9 stig fyrir læri og af þeim lömbum sem enduðu í sláturhúsi fóru ríflega 14% í holdfyllingarflokk E. Skrokkgæðaeiginleikar afkvæma hans eru því óumdeildir.

Reynsla af dætrum Harðar byggir enn sem komið er eingöngu á upplýsingum frá heimabúi. Útlit er fyrir að hann verði um meðallag sem ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Víðtækari notkun í gegnum sæðingar mun skýra þá mynd betur á komandi árum.

**Litaerfðir:** Hörður er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti og tvílit en erfir ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	117
Fita	104
Skrokkgæði	111 (99%)
Frjósemi	103 (87%)
Mjólurlagni	97 (79%)
Heildareinkunn	104

**Mál og stígun:** 2011-46-107-30/2,5/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=82,5 stig

# 13-961 BERGUR

frá Bergsstöðum, Miðfirði



13-961

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	283
Pungi	48,4
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	7,9
Ómvöðvi	30,6
Ómfita	3,2
Lögun	4,1

**Lýsing:** Hvítur, vel hyrndur með myndarlegan haus. Aðeins hár um herðar, bringan breið og mjög miklar útlögur. Bakið breitt og sterkt. Fádæma breiðar malir og frábær lærahold. Sterklegir fætur. Langvaxinn hrútur og voldugur á velli.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnacka, á fótum og í dindli. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel þykkt og jafnt. Tog stutt og hrokkið, mýkra í baki en strýkennt og gróft á síðu.

**Reynsla:** Bergur 13-961 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Val hans inn á stöð grundvallaðist á glæsilegum niðurstöðum á heimabúi. Með komu hans á sæðingastöð heppnaðist loks að ná syni Runna 11-014 frá Urriðaa til notkunar á stöð. Runni er einn öflugasti sonur Laufa 08-848 sem fram hefur

komið en því miður hafa margir álitlegir Runnasynir verið útilokaðir sem sæðingastöðvahrútar vegna áhættuarfgerðar m.t.t. mótstöðu gegn riðu.

Bergur var í hópi mest notuðu hrútanna sl. vetur og kom því stór hópur lamba undan honum til skoðunar í haust. Þessi lömb voru yfirleitt þroskamikil en nokkuð breytileg að gerð. Best virðist hann blandast í hjarðir þar sem vænleiki er góður. Bergur á stóran hóp dætra heima á Bergsstöðum. Þær mjólka vel og sýna ágæta frjósemi en líkt og kynbótamat hans gefur til kynna standa væntingar til þess að hann verði öflugur ærfaðir.

**Litaerfðir:** Bergur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	107
Fita	108
Skrokkgæði	108 (99%)
Frjósemi	104 (85%)
Mjólurlagni	111 (78%)
Heildareinkunn	108

**Mál og stígun:** 2013-57-107-32/5,6/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

13-962

# KLETTUR

frá Borgarfelli, Skaftártungu



FMFF: HYLUR 01-883; MMFF: MÖLUR 95-812; MMMF: BÚTUR 93-982



13-962

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	223
Pungi	48,9
Fótleggur	110
Læri	17,6
Ull	7,9
Ómvöðvi	29,9
Ómfita	2,7
Lögur	4,0

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	110
Fita	114
Skrokkgæði	112 (99%)
Frjósemi	112 (88%)
Mjólkurlagni	112 (78%)
Heildareinkunn	112

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur, all útlögugóður hrútur með aðeins hrjúfar herðar. Bakið ágætlega vöðvafyllt. Malir vöðvaðar, lærvöðvi þykkur. Bollengd í góðu meðallagi.

**Ullarlýsing:** Írauður á haus og fótum, fremur ullarlítill. Gul hár ekki áberandi í reyfi en svartar doppur fundust. Tog hrokkið með góðan gljáa en nokkuð gróft. Þel frekar lítið.

**Reynsla:** Klettur 13-962 var tekinn inn á sæðinga-stöðvarnar sumarið 2016 og hefur nú sinn annan vetur þar. Hann hafði staðið sig vel sem lambafaðir á heimabúi líkt og kynnt var í hrútaskrá síðasta vetur. Við val hans var þó ekki síður horft til þess hve efnilegur hann er sem ærfaðir og góður alhliða

kynhótahrútur. Í haust kom allstór hópur lamba til skoðunar undan Kletti. Mikið var af prýðilegum lömbum í þeim hópi og áberandi þroskamiklum en þó mun hann ekki blanda sér í toppbaráttuna meðal stöðvahrúta m.t.t. gerðar sláturlamba.

Klettur fer ákaflega vel af stað sem ærfaðir og hækkar kynbótamat hans fyrir frjósemi og mjólkurlagni milli ára. Árið 2016 sýndu tæplega 20 dætur hans frjósemi yfir búsméðaltali og höfðu 5,7 afurðastig að jafnaði um haustið. Klettur er því ákaflega spennandi alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Klettur er arfblendinn hvítur – gefur mórautt en ekki tvílitt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2013-57-115-33/1,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,5=87,0 stig

13-984

# GUTTI

frá Þóroddsstöðum, Hrutafirði.



FFF: GOTTI 05-804; MMFF: MOLI 00-882



13-984

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	110
Fita	100
Skrokkgæði	105 (94%)
Frjósemi	109 (83%)
Mjólkurlagni	119 (78%)
Heildareinkunn	111

**Lýsing:** Hvítur, fremur krapphyrndur með svipfríðan haus. Breiðvaxinn en jafnframt jafnvaxinn hrútur með góða holdfyllingu hvar sem á honum er tekið. Samsvarar sér vel á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum, ekki áberandi í hnakka. Örlítið gult í ull á mölum. Ullin fremur lítil. Tog hrokkið en gróft.

**Reynsla:** Gutti var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta vorið 2017. Byggir val hans öðru fremur á væntingum sem til hans eru gerðar sem ærföður. Gutti skilar ágætlega gerðum lömbum og hefur hann öll árin verið í kringum búsméðaltal fyrir gerð eða með rétt um 10 í gerðareinkunn. Fituflokkun lambanna hefur verið heldur óhagstæðari. Hann var í hópi þeirra merku hrúta sem þreyttu afkvæma-prófun á vegum sæðingastöðvanna á Þóroddsstöðum haustið 2015. Í þeirri rannsókn var meðalfallþungi afkvæma hans 17,6 kg, einkunn fyrir gerð

9,8 og fitu 6,9. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,3 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 6,4. Gutti er fjórði hrúturinn sem er valinn á sæðingastöð úr þessari afkvæmarannsókn. Einum þeirra entist ekki aldur til notkunar eftir að á stöð var komið en Burkna 13-951 og Börk 13-952 þarf ekki að kynna fyrir sauðfjárræktarfolki. Dætur Gutta fara geysilega vel af stað en þær hafa sýnt mjög góða frjósemi og haustið 2016 höfðu þær 5,9 afurðastig að jafnaði. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika endurspeglar þessa niðurstöðu. Móðir Gutta, 10-058, er öflug afurðæær. Hún var tvílembd gemlingur, síðan tvisvar tvílembd, einu sinni einlembd og þrisvar þrílembd og hefur 8,2 afurðastig.

**Litaerfðir:** Gutti er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stígun:** 2013-51-108-30/2,2/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

# I4-987 FROSTI

frá Ketilseyri, Dýrafirði.



MFF: TENGILL 05-830; MMF: BIFUR 06-994; MMMF: DREITILL 00-891



**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með vanin horn, aðeins hár um herðar en framparturinn vel sívalur. Allur vel holdfylltur. Lágfættur og mjög langvaxinn hrútur, gerðarlegur og rólegur í fasi.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka og fótum. Töluvert um gul hár í ull. Fremur ullarlítill og ullarstuttur. Togið fremur fingert.

**Reynsla:** Frosti I4-987 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2017 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi en þar toppaði Frosti afkvæmarannsóknir tvö ár í röð og árið 2016 með næstmesta útslag í afkvæmarannsóknnum í landinu. Einkunn fyrir kjötmat var þá 144,6 og fyrir líflömb 161,3. Fallþungaeinkunn var 108,8. Fallþungi afkvæma Frosta var 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,0 og fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í rannsókninni var 16,4 kg, einkunn fyrir gerð 9,4 og fyrir fitu 6,8. Bakvöðvi afkvæma Frosta var 28,6 mm að jafnaði og lærastig 17,6. Meðaltal á búinu var 25,7 mm bakvöðvi og lærastig 17,1. Í umsögn um afkvæmarannsóknir árið 2015 fengu afkvæmi Frosta þann dóm að hafa fádæma yfirburði hvað varðaði holdsöfnun.

Dætur Frosta sem báru sl. vor eru 18, þar af 5 tvílembdar tvævetlur og 13 gemlingar með 1,3 fædd lömb að meðaltali. Frjósemi þeirra er því góð og einnig er vænst góðrar afurðasemi af þeim.

Móðir Frosta, Malaría 11-852 var einlembd gemlingsárið, síðan fjórum sinnum tvílembd en einlembd úr sæðingum sl. vor.

Hún hefur 5,4 afurðastig.

**Litaerfðir:** Frosti er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	125
Fita	94
Skrokkgæði	110 (94%)
Frjósemi	110 (74%)
Mjólkurlagni	105 (67%)
Heildareinkunn	108

**Mál og stigun:** 2014-48-103-26/2,8/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig.



# Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki  
og Sláturhús KVH ehf. á Hvammstanga  
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum  
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt  
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyranvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is




Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

# 14-988 TVISTUR

frá Hríshóli, Eyjafjarðarsveit.



MMF: Kveikur 05-965; FMFF: Raftur 05-966



**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	125
Fita	117
Skrokkgæði	121 (91%)
Frjósemi	95 (76%)
Mjólurlagni	109 (67%)
Heildareinkunn	108

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með þröttlegan haus. Áberandi breið bringa og vel hvelfdur brjóstkassi, miklar útlögur. Bak vel holdfyllt sem og malir sem eru mjög langvaxnar. Lærahold mjög góð og vöðvinn áberandi kúptur. Langvaxinn og föngulegur hrútur, aðeins kviðaður.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnakka og á fótum og aðeins gult í ull, ekki áberandi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fremur stutt og meðalgróft.

**Reynsla:** Tvistur var fenginn á sæðingastöð haustið 2017 að aflokinni afkvæmarannsókn úrvals-hrúta sem fram fór á Hríshóli í Eyjafjarðarsveit. Tvistur var topphrútur búsin haustin 2015 og 2016 þegar horft er til sláturlamba. Í afkvæmarannsókninni nú í haust hélt hann sínu striki og sýndi áfram skýra yfirburði. Hann er sterkur í öllum þáttum og átti vænsta og best gerða lambahópinn. Meðalfallþungi

afkvæma hans var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 11,5 og fyrir fitu 5,9. Meðalþungi í afkvæmarannsókninni var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og fyrir fitu 6,4. Hrollur 14-217 albróðir Tvists sem seldur var að Gilsbakka í Eyjafirði hefur sýnt afgerandi yfirburði sem lambafaðir á því búi.

Líkt og kynbótamatið bendir til, þá er frjósemi dætra í tæpu meðallagi. Veturgömlu ærnar voru aðeins undir búsméðaltali í vor en tveggja vetra ær sýndu frjósemi í góðu meðallagi. Ærnar skiluðu flestar vænum lömbum í haust en haustuppgjör liggur ekki fyrir. Átta 11-954, móðir Tvists, er góð afurðær, var tvílembd sem gemlingur og öll ár eftir það þar til í vor er hún átti eitt lamb. Hún hefur 7,2 afurðastig.


**Litaerfðir:** Tvistur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2014-55-111-30/3,5/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig

# 15-967 BJARTUR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum



\*Pysja 06-519 var móðir Prúðs 11-896; MMF: Lómur 02-923



**LAMBHRÚTASKOÐUN**

Fjöldi	2017
Þungi	143
Fótleggur	47,0
Læri	109
Ull	17,8
Ómvöðvi	8,0
Ómfita	31,2
Lögun	3,1
	4,2

**Lýsing:** Hreinhvítur, með smáfríðan haus og vanin horn. Herðar breiðar og kúptar. Bringan breið og útlögur góðar. Átaksgott bak og frábær mala- og lærahold. Bollengd í meðallagi. Fótstaða góð. Gæfur og samanrekinn holdahnaus.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur og ullarmagn í góðu meðallagi. Tog hrokkið, fremur mjúkt en styttra í baki. Þel jafnt.

**Reynsla:** Bjartur 15-967 var valinn á sæðingastöð haustið 2016. Þá um haustið stóð hann efstur í afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum, með glæsilegar niðurstöður. Stór hópur lamba undan honum, sem til skoðunar kom í haust sýndi að hér er kominn fram enn einn lambafaðirinn frá Ytri-Skógum, sem skipar sér í fremstu röð. Hann átti einn af hæst

stíguðu lambhrútahópunum undan stöðvahrútum þetta haustið. Rétt um 19% sláturlamba undan Bjarti flokkuðust í holdfyllingarflokk E í haust og náði enginn annar stöðvahrútur stærri hluta afkvæma sinna í þann flokk.

Lítill reynsla er komin á Bjart sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að þar verði hann um meðallag. Þrjár dætur hans eru til í Ytri-Skógum. Þær áttu allar lamb í vor, ein þeirra var tvílembd og gekk með tvö lömb. Allar skiluðu prýðisgóðum lömbum nú í haust.

**Litaerfðir:** Bjartur er arfblendinn hvítur en erfir ekki mórauðan lit – gefur hreinhvítan lit og tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2015-55-108-31/3,8/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig


**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	123
Fita	104
Skrokkgæði	114 (99%)
Frjósemi	103 (68%)
Mjólurlagni	101 (64%)
Heildareinkunn	106



# 15-969 HROKI

frá Hesti, Borgarfirði



MMFF: Fannar 07-808; MMFF: Raftur 05-966



15-969

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	26
Pungi	45,4
Fótleggur	110
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	3,4
Lögur	4,2

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	110
Fita	101
Skrokkgæði	106 (96%)
Frjósemi	93 (73%)
Mjólklagni	108 (61%)
Heildareinkunn	102

**Lýsing:** Hvítur, fínhyrndur. Holdfylling um háls og herðar ágæt en útlögur í meðallagi. Bakið átaksgott. Malir fremur stuttar en breiðar. Ágæt lærahold. Fótstaða góð. Bollengd í meðallagi. Gæfur og geðgóður hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum, mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Tog þokkalega jafnt. Þel jafnt um allt reyfi.

**Reynsla:** Hroki 15-969 var fenginn á sæðingastöð að aflokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2016. Hroki vakti þar athygli fyrir þykkann og vel lagaðan bakvöðva sem einkenndi afkvæmi hans. Hann fékk takmarkaða notkun sl. haust og hefur lágt ættarnisamat fyrir holdfyllingu sjálfsagt átt stóran þátt í því. Í lambhrútaþópnum sem kom til skoðunar undan honum í haust var að finna úrvalsgóð hrútsefni

**Mál og stígun:** 2015-46-110-34/4,5/3,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,0 stig

og eru synir Hroka með þykkasta bakvöðvann af afkvæmahópnum stöðvahrútanna í haust. Kynbótamat hans fyrir gerð hækkar umtalsvert milli ára.

Af þeim 9 veturgömlu dætrum Hroka sem til eru á Hesti, báru 8 í vor, einu lambi hver. Enn er því útlit fyrir að frjósemi dætra hans verði í tæpu meðallagi, þó framtíðin verði að skera úr um það. Hins vegar má vænta þess að dæturnar verði mjólkurlagnar líkt og kynbótamatið gefur til kynna.


Óhætt er að mæla með því að þessi prýðisgóði lambafaðir, sem ber verndandi arfgerð m.t.t. riðumótstöðu, fái meiri notkun.

**Litaerfðir:** Hroki er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi

# 15-989 DRANGI

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.



MMFF: Borði 08-838; MMFF: Eldar 01-922; MMMF: Dóni 00-872



15-989

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	123
Fita	110
Skrokkgæði	117 (91%)
Frjósemi	105 (73%)
Mjólklagni	106 (59%)
Heildareinkunn	109

**Lýsing:** Hvítur, mjög gleiðhyrndur með fríðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar og útlögur í meðallagi. Bak- mala- og lærahold góð. Bollangur, harðholda og tignarlegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnakka og á fótum, með örlítið gult í reyfi, sérstaklega á mölum. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur stutt í baki, fremur fint og hrokkið.

**Reynsla:** Drangi var falaður á sæðingastöðvarnar haustið 2017 að aflokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta sem fram fór í Hriflu. Þessi hrútur lét strax mikið að sér kveða og var með bestu útkomu allra hrúta í Hriflu haustið 2016. Í haust sýndi hann aftur hvers hann er megnugur og stóð afgerandi efstur í afkvæmarannsókninni þar sem 13 öflugir hrútar öttu kappi. Afkvæmi Dranga sameina ákaflega vel góða gerð og hóflega fitu en eru jafnframt þroskamikil og væn. Lömbin undan honum voru einnig með þykkasta bakvöðvann og hæsta

**Mál og stígun:** 2015-45-108-35/1,5/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=85,5 stig

meðaltal fyrir lærastig. Meðalpungi afkvæmanna var 16,7 kg, einkunn fyrir gerð var 10,5 og fyrir fitu 5,4. Meðaltal afkvæmarannsóknarinnar var 16,2 kg fallpungi, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 5,4. Þess má einnig geta að tveir synir Dranga tóku þátt í þessari prófun með góðum árangri.

Undan Dranga voru til átta veturgamlar ær vorið 2017 sem sýndu frjósemi um meðaltal búsinns. Við afurðauppgjör nú í haust höfðu þær 5,5 afurðastig að jafnaði.


Móðir Dranga, 09-817, var feiknagóð afurðærar með 6,8 afurðastig. Hún lét einu lambi sem gemlingur, eftir það var hún einu sinni einlembd, einu sinni þrilembd en annars tvílembd. Hana vantaði af fjalli haustið 2016.

**Litaerfðir:** Drangi er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórautt né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# 15-991 NJÖRÐUR

frá Gilsbakka, Hvítársíðu.



FMF: GRÁBOTNI 06-833; MMF: ÁLL 00-868; FMMF: RAFTUR 05-966



15-991

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	117
Fita	112
Skrokkgæði	115 (91%)
Frjósemi	96 (50%)
Mjólkurlagni	100 (50%)
Heildareinkunn	104

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með þróttmikinn haus. Bringa mjög breið og útlögur miklar. Bakið breitt og vel holdfyllt. Góð mala- og lærahold. Bolmikiill og langvaxinn hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Lítið gult í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fingert, hrokkið og gljáandi.

**Reynsla:** Njörður 15-991 (aður Tangi) var fenginn á sæðingastöð haustið 2017 að aflokinni afkvæmarannsókn á úrvalshrútum í Borgarfirði og Suður-Dölum sem fram fór að Gilsbakka í Hvítársíðu. Vænleiki Njarðarsona var um meðaltal, þeir mældust með þykkastan bakvöðva og lögun bakvöðvans var jafnframt sú besta. Þeir voru jafnvaxnir, fremur bollangir með öflugan afturpart. Dætur Njarðar mældust með þykkastan bakvöðva og lögun hans ein sú besta. Þær stiguðust jafnframt prýðilega fyrir frampart og læri. Fallþungi tvílembinga undan Nirði

var 17,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og fyrir fitu 6,2. Fallþungi tvílembinga í rannsókninni var 17,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og fyrir fitu 6,6. Freyr 11-181, faðir Njarðar var á grundvelli góðrar reynslu á heimabúi tekinn með í afkvæmarannsókn á Hesti árið 2014 og fékk góða útkomu þar, en Hvati 13-926 var valinn framyfir Frey úr þeirri rannsókn. Á Gilsbakka er ekki hleypt til gemlinga og því er engin reynsla komin á dætur Njarðar. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleikum er því eingöngu ætternismat og gefur væntingar um að dætur hans verði nærri meðallagi með frjósemi og mjólkurlagni. Móðir hans Trjóna 09-088 hefur enst vel, alltaf tvílembd utan einu sinni einlembd. Afurðaeinkunn hennar er 5,7.


**Litaerfðir:** Njörður er arfblendinn hvítur, gefur tvílit en ekki mórâuðan lit – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2015-55-111-33/3,3/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,5=84,0 stig

# 16-994 DURTUR

frá Hesti, Borgarfirði.



\*Ofsi 14-721 er faðir Hroka 15-969; FFF: Garri 11-908;

FMF: Grábotni 06-833; MMF: Hergill 08-870; MMMF: Borði 08-838



16-994

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	122
Fita	108
Skrokkgæði	115 (87%)
Frjósemi	103 (50%)
Mjólkurlagni	106 (50%)
Heildareinkunn	108

**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með sveran haus. Jafnvaxinn og vel gerður hrútur hvar sem á honum er tekið. Samsvarar sér vel en nafnið lýsir geðslagi hans vel.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í ull. Ullarmagn undir meðallagi. Tog stutt í baki, fremur gróft og slétt.

**Reynsla:** Durtur 16-994 er annar veggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2017 lágu fyrir. Afkvæmahópur hans í rannsókninni var sá vænsti en þykkt bakvöðva var talsvert undir meðallagi rannsóknarinnar. Þessi lömb stiguðust samt mjög vel fyrir frampart og læri. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Durti var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og einkunn fyrir fitu 5,0. Meðaltöl

tvílembingshrúta í rannsókninni voru, fallþungi 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 5,0. Sláturlambahópurinn undan Durti var einn sá þroskamesti í rannsókninni og flokkun lambanna afbragðsgóð.

Þar sem Durtur er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin af dætrum hans en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni gefur væntingar um að frjósemi og mjólkurlagni dætra verði í góðu lagi.

Móðir hans, 15-127 var tvílembd bæði gemlingur og tvævetla og fékk 7,2 afurðastig fyrir gemlingsárið.

**Litaerfðir:** Durtur er arfblendinn hvítur en erfðir hvorki mórâuðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2016-44-110-31/3,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig

# 11-979 BLÆR

frá Kambi, Reykhólasveit. Keyptur frá Gróustöðum, Gilsfirði.



FFF: BOGI 04-814; MMFF: ORMUR 02-933



## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	104
Fita	115
Skrokkgæði	110 (98%)
Frjósemi	110 (94%)
Mjólurlagni	124 (91%)
Heildareinkunn	115

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Vel gerður hrútur í alla staði. Áberandi bollangur. Hraustleikakind sem ber aldurinn vel. Fætur sterkir og góðir m.v. aldur hrúts.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur – ullarmagn í góðu meðallagi m.v. aldur. Reyfi jafnt. Tog fingert og hrokkið – styttra í baki.

**Reynsla:** Blær 11-979 kom á sæðingastöð sumarið 2017 en hafði síðustu tvö árin verið í forvalshópi sæðingastöðvanna. Hann var fyrst og fremst valinn á grunni góðrar reynslu af dætrum hans sem teljast nú 61 á skýrslum og fjölgar eflaust enn með ásetningi heima á Gróustöðum nú í haust. Dætur hans sýna góða frjósemi en umfram allt frábæra mjólurlagni eins og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætur sýnir en það var við síðasta útreikning 124 stig og skipar Blær þar með í flokk efstu hrúta landsins fyrir þann eiginleika. Blær gefur

**Mál og stígun:** 2011-50-112-32/4,0/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=85,5 stig

bráðþroska og væn lömb en samt fitulítill. Þau eru hinsvegar aðeins breytileg að gerð þó meðaltalið sé vel þokkalegt. Samkvæmt kjötmatsskýrslu nú í haust var fallþungi 32 lamba undan honum 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og fyrir fitu 5,8. Meðaltöl búansins fyrir sömu atriði eru fallþungi 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og fyrir fitu 6,4. Vegna hinnar miklu reynslu af honum bæði sem lamba- og ærföður má segja að BLUP-kynbótamatið segi allt sem segja þarf um Blær fyrir þá eiginleika sem þar eru reiknaðir. Sjálfur er hann stálhraustur með óbildaða fætur og endist því vel.

Móðir Blæs, Eðla 09-689 var einlembd gemlingsárið og tvílembd eftir það en hún fórst afvelta 2013. Hún hafði 6,8 afurðastig.

**Litaerfðir:** Blær er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# 13-940

## KRAPI

frá Innri-Múla, Barðaströnd



MMFF: Glópur 00-930, MMF: Frakksson 03-974, MMMF: Arfi 99-873.



## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2016	2017
Fjöldi	359	101
Þungi	49,0	50,1
Fótleggur	110	110
Læri	17,6	17,7
Ull	8,2	8,3
Ómvöðvi	29,8	30,0
Ómfita	3,2	3,1
Lögun	3,9	3,9

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	105
Fita	107
Skrokkgæði	106 (100%)
Frjósemi	111 (96%)
Mjólurlagni	101 (75%)
Heildareinkunn	106

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan og friðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar, bolurinn mjög hvelfdur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir kúptar, breiðar og vel holdfylltar. Lærahold frábær. Fótstaða er rétt, en kjúkur á framfótum fremur linar. Krapi er bollangur og glæsilegur á velli.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Þel þykkt. Togið misjafnt, mjög stutt í baki en meðalfint.

**Reynsla:** Krapi 13-940 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð og hefur verið mikið notaður síðustu tvö ár. Í afkvæmahópi hans sem komið hefur til skoðunar er marga glæsilega einstaklinga að finna sem oft þekkjast á mjög öflugum afturparti. Aðeins ber á fótgöllum í sonum hans, en sumir þeirra eru

**Mál og stígun:** 2013-47-108-27/3,2/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=84,5 stig


kjúkuslakir líkt og hann sjálfur. Vaxandi reynsla er að fást á hann sem ærföður og sýndi stór hópur dætra hans góða frjósemi vorið 2017, sem endurspeglast í því að BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur hækkað frá fyrra ári. Dætur hans komu betur út sem mjólkurær heima á Innri-Múla haustið 2016 en árið áður og höfðu þá að jafnaði 5,0 afurðastig. Haustuppgjör 2017 mun svo varpa betra ljósi á hvar þær standa fyrir þann eiginleika. Krapi er sterkur alhlíða kynbótahrútur fyrir kollótta féð.

**Litaerfðir:** Krapi er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt og líklega ekki mórauðan lit – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# 13-941 SERKUR

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



FMFF: PARTUR 99-914, FMMF: KLÆNGUR 97-839,  
MMFF: ÖRVAR 04-983.



13-941

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2016	2017
Fjöldi	108	111
Pungi	49,2	48,0
Fótleggur	109	108
Læri	17,7	17,8
Ull	8,4	8,4
Ómvöðvi	30,5	30,8
Ómfita	3,5	3,6
Lögun	4,0	4,0

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan og fríðan haus. Háls sver og herðar holdfylltar. Bolur sívalur. Bak sterkt og átaksgott. Malir langar, aðeins hallandi en mjög holdfylltar, breidd þeirra í meðallagi. Lærahold frábær. Hann er örliði útskeifur á vinstri framfæti en fótstaða annars góð, mjög þéttholda og jafnvaxinn hrútur.

**Ullarlýsing:** Hrein hvítur. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið mjög lítið aftan við bóga. Þelið jafnt og þétt.

**Reynsla:** Serkur 13-941 hefur nú sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Þar hefur hann staðið sig geysilega vel og skilað miklu af úrvalsgripum. Annað árið í röð eru synir Serks sá afkvæmahópur stöðvahrúta sem flest stig hlýtur að jafnaði. Serkur gefur ákaflega heilsteipt og falleg lömb, bollöng með góð

lærahold og góða ull. Serkur er því einn af bestu lambafeðrum stöðvanna um þessar mundir. Sem ærfaðir er Serkur enn óreyndur, en fyrstu dætur tilkomnar með sæðingum báru í vor. Tilkoma þeirra breytti kynbótamati hans lítið og því enn útlit fyrir að dætur hans verði í meðallagi frjósamar. Dætur á heimabúi fara þokkalega af stað hvað varðar mjólkurlagni en uppgjör haustsins mun gefa betra mat á þá stöðu. Þá má telja Serk það til kostna að öll hans afkvæmi munu erfa frá honum verndandi arfgerð gegn riðu þar sem hann er arfhreinn í þeim eiginleika.

**Litaerföir:** Serkur er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfhreinn verndandi..


## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	110
Fita	99
Skrokkgæði	105 (99%)
Frjósemi	99 (98%)
Mjólkurlagni	102 (82%)
Heildareinkunn	102

**Mál og stígun:** 2013-46-105-32/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig

# 13-944 MAGNI

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



FF: TRÍTILL VAR FAÐIR SPROTA 12-936, MFF: GULLMOLI 05-552  
SEM ER FF: KRAPA 13-940, MMFF: BOGI 04-814.



13-944

## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2016	2017
Fjöldi	94	57
Pungi	48,9	47,9
Fótleggur	108	108
Læri	17,7	17,7
Ull	8,4	8,4
Ómvöðvi	30,2	30,2
Ómfita	3,0	3,0
Lögun	4,0	3,9

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Góð holdfylling um háls og herðar, bolurinn ágætlega sívalur. Bakhold góð og vottur af kryppu\*. Breiðar, kúptar og vöðvafylltar malir. Sérlega vel lagaður og mjög þykkur lærvöðvi. Góð fótstaða. Glæsikind á velli. \*Kryppan á baki er til marks um mikla vöðvasöfnun en þetta einkenni mátti finna á mörgum afkomendum Stramma 83-833 frá Hesti á sínum tíma. Enginn skyldleiki er þó á milli Stramma og Magna.

**Ullarlýsing:** Hrein hvítur, fremur ullarmikill. Þelið jafnt, ekki mjög þykkt. Togið hrokkið og jafnt. Ullarprúður.

**Reynsla:** Magni 13-944 hefur nú sinn þriðja vetur á stöð. Hann hefur ekki fengið mikla notkun til þessa, ekki síst vegna þess að hann hefur reynst

takmarkaður sæðisgjafi. Synir hans sem komið hafa til skoðunar hafa verið fremur lágfættir, jafnvaxnir og ullargóðir, með holdgott bak og öflugan afturpart. BLUP-kynbótamat Magna fyrir frjósemi dætra hækkaði nokkuð aftur þegar upplýsingar um veturgamlar dætur hans vutt um land komu inn. Á heimabúi hans Heydalsá er meira um þokugensær en gengur og gerist, sem hefur sennilega enn einhver áhrif á kynbótamat Magna fyrir frjósemi dætra. Flest bendir til að mjólkurlagni dætranna sé í meðallagi.

**Litaerföir:** Magni er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt og hrein hvítt en ekki þekkt að hann gefi mórautt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.


## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	111
Fita	111
Skrokkgæði	111 (99%)
Frjósemi	96 (93%)
Mjólkurlagni	101 (82%)
Heildareinkunn	103

**Mál og stígun:** 2013-48-103-31/2,4/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=86,5 stig

# 13-982 MÓRI

frá Bæ I, Árneshreppi. (Keyptur frá Steinstúni, Árneshreppi)



MFF: Smyrill 04-800; FMMF:Vísir 01-892



## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	117
Fita	111
Skrokkgæði	113 (96%)
Frjósemi	116 (72%)
Mjólurlagni	109 (67%)
Heildareinkunn	113

**Lýsing:** Mórauður, kollóttur. Frampartur sívalur og ágætlega holdfylltur. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Föngulegur og jafnvaxinn hrútur. Mjög spakur og geðgóður hrútur í allri umgengni

**Ullarlýsing:** Mórauður með hvítan blett í hálsi. Mórauði liturinn jafn, aðeins um grá hár í lærum. Ullarmagn í meðallagi. Ullin togmikil. Togið langt, mikið og fingert.

**Reynsla:** Móri kom í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2017. Hann var fenginn sem lamb að Steinstúni en er fæddur í Bæ. Móðurfaðir hans, Botni 09-555 var notaður á mörgum búum í Vest-fjarðarhólfi eystra og á víða afkomendur þar sem margt afkvæma hans var selt víða um land. Móri hefur staðið sig ákaflega vel í Steintúni og víðar. Víð valið var horft til hans sem álitlegs lambaföður og spennandi ærföður ásamt því að vera valkostur til

að viðhalda mórauða litnum í kollótta fénu. Hann hefur alltaf verið langt yfir búsméðaltali í fallþungaeinkunn og skilað miklu af vel gerðum einstaklingum. Haustið 2016 var meðalfallþungi afkvæma hans 18,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 6,8. Meðalfallþungi búsin var þá 17,4 kg, gerðareinkunn 10,1 og fitueinkunn 7,1. Samkvæmt uppgjöri haustskýrslu 2016 voru 16 dætur hans með 119 í frjósemiseinkunn og eru einnig góðar afurðaðar en þær höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði. Móðir hans, Iðja 11-942, var einlembd gemlingur, síðan þrisvar tvílembd, einu sinni einlembd og þrílembd nú í vor og hefur 4,8 afurðastig.

**Litaerfðir:** Móri er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – gefur tvílit og hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2013-42-110-28/2,8/3,5-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stig

# 14-972 FANNAR

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði



MMF: Örvar 04-983



## LAMBHRÚTASKOÐUN

	2017
Fjöldi	106
Þungi	50,2
Fótleggur	110
Læri	17,6
Ull	8,3
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	3,6
Lögun	4,0

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með sterklegan haus. Herðar breiðar og mjög vel holdfylltar. Bringa breið og útlögur miklar. Góð bakhold. Malir mjög vel holdfylltar. Góð holdfylling í lærum – fyllir vel í krikann. Bollöng og glæsileg kind.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Ullarmikill. Tog hrokkið, fremur jafnt en gróft. Reyfið er þykkt, þel mikið og jafnt.

**Reynsla:** Fannar 14-972 er nú að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk talsverða notkun fyrsta árið og rúmlega 100 synir hans voru skoðaðir um allt land í haust. Þeir reyndust þroskamiklir

og í þriðja sæti afkvæma kollótttra stöðvahrúta hvað varðar þykkt bakvöðva. Þeir voru margir ullargóðir, bollangir, með holdfylltar herðar, góðar útlögur og öflug mala- og lærahold.

Takmörkuð reynsla er komin á Fannar sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika lofar góðu, ekki síst hvað varðar mjólurlagni dætra. Dætur hans heima á Heydalsá höfðu 5,9 afurðastig að jafnaði haustið 2016.

**Litaerfðir:** Fannar er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2014-49-108-31/3,5/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,5 stig

## KYNBÓTAMAT (BLUP)

Gerð	103
Fita	106
Skrokkgæði	105 (99%)
Frjósemi	102 (78%)
Mjólurlagni	111 (71%)
Heildareinkunn	106

# 15-983 KOLLUR

frá Árbæ, Reykhólasveit. (Keyptur frá Kambi, Reykhólasveit)



**KYNBÓTAMAT (BLUP)**

Gerð	114
Fita	105
Skrokkgæði	110 (93%)
Frjósemi	101 (71%)
Mjólkurlagni	107 (60%)
Heildareinkunn	106

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan en sveran haus. Frampartur breiður, áberandi sívalur og útlögur góðar. Malir mjög breiðar og átaksgóðar, lærahold frábær. Fótstaða góð. Glæsilegur hrútur, fasmikill og frísklegur.

**Ullarlýsing:** Hrein hvítur, mjög ullarmikill með jafnt þel og nokkuð togmikill. Tog gróft og hrokkið.

**Reynsla:** Kollur 15-983 var valinn á sæðingastöð haustið 2017 að lokinni afkvæmarannsókn sem haldin var á Kambi í Reykhólasveit fyrir stöðvarnar. Kollur kom þar jafnbest út af þeim hrútum sem höfðu fararleyfi á stöð. Afkvæmi hans eru þroskamikil og holdþétt með gott samræmi. Þau hafa almennt góð lærahold. Bakvöðvabykkt sem og lögun bakvöðva er vel yfir meðaltali lamba í rannsókninni þó aðrir hópar skoruðu þar hærra. Fallþungi 66 sláturlamba undan Kolli nú í haust er 1 kg hærri en búsméðaltalið eða 19,9 kg. Einkunn

fyrir gerð er 10,7 og fyrir fitu 7,2 þar sem búsméðaltalið fyrir gerð er 10,2 og fyrir fitu 6,8. Kollur sýndi jafnframt góða niðurstöðu árið 2016 fyrir kjötmat og lífdóma afkvæma. Eðli málsins samkvæmt er lítil reynsla komin á dætur Kolls. Fjórar veturgamlar dætur hans áttu lömb nú í vor og voru tvær tvílembdar og tvær einlembdar. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er jákvætt, sérstaklega fyrir mjólkurlagni. Móðir Kolls, Lágfóta 14-139 var einlembd gemlingsárið og er Kollur gemlingslamb hennar. Síðan þá þ.e. síðustu tvö ár hefur Lágfóta verið tvílembd og er með 6,3 afurðastig.

**Litaerföir:** Kollur er arfblendinn hvítur, erfir tvílit en líklega ekki mórauðan lit – gefur hrein hvít. Aðeins eitt dökkt lamb hefur fæðst undan honum og verður víðtækari notkun að varpa betra ljósi á litaerföir.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2015-54-111-30/3,7/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-18,0-9,0-8,0-9,0=87,5 stig

# 13-976 GILS

frá Klukkufelli, Reykhólasveit (Keyptur frá Þúfnavöllum, Hörgárdal)



**FORYSTU HRÚTUR**



**Lýsing:** Gils er svartblesuflekkóttur að lit, hyrndur. Hann hefur nú sinn fyrsta vetur á sæðingastöð og kemur frá Þúfnavöllum í Hörgárdal en æskustöðvar hans er að finna vestur í Reykhólasveit. Gils er hávaxinn og léttbyggður. Hann er höfuðfríður, andlitið snögg- og gljáhært. Augun í stærra lagi, glansmikil og gáfuleg, augnaráðið rólegt en þó árvökult. Höfuðið er hátt og djarflega borið. Hornin eru í meðallagi sver. Gils er rólegur og greindarlegur, ekki fasmikill en þéttur fyrir og ágætlega leiðitumur.

Gils rekur ættir sínar í forystufjarræktun Signýjar og Bergsveins á Gróustöðum í Gilsfirði. Ræktun þeirra byggir að stórum hluta á forystufé sem Halldór Gunnarsson átti og ræktaði meðan hann bjó á Gilsfjarðarmúla og var hans fé að hluta ættað frá Haraldi Jónssyni á Hólmavík. Gils er einn þeirra að verða fjölmörgu hrúta sem teknir hafa verið á sæðingastöð til varðveislu þessarar erfðadjasnar íslenska sauðfjárins sem forystuféð er.

**Litaerföir:** Undan Gils geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Græðir áburður

Selen, kalk, hár vatnsleysanleiki fosfórs, jöfn kornastærð, jöfn dreifing.  
Öll hráefni einkorna.



**FÓÐURBLANDAN**

...gæði í hverri gjöf!

**Sendum um  
allt land**

**Hafðu samband**  
570 9800

**FB Verslun Selfossi**  
Austurvegi 64a  
570 9840

**FB Verslun Hvolsvelli**  
Hlíðarvegi 2-4  
570 9850

**FB Verslun Egilsstöðum**  
Kaupvangi 11  
570 9860

**FB Verslun Hellu**  
Suðurlandsvegi 4  
570 9870

# AFKVÆMARANNSÓKNIR VEGNA SÆÐINGASTÖÐVANNA 2017

Síðasta vetur voru framkvæmdar fleiri afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna en áður hefur tíðkast eða á 8 búum. Á grunni þessara afkvæmarannsókna voru 10 hrútar valdir til notkunar fyrir sæðingastöðvarnar. Þar að auki komu fram margir athylgisverðir gripir sem fylgst verður með áfram sem álitleg hrútsefni fyrir stöðvarnar. Hér verður gerð í örstuttu máli grein fyrir framkvæmd hverrar rannsóknar fyrir sig en niðurstöður verða nánar kynntar á vefnum [www.rml.is](http://www.rml.is).



Endurmenntun Lbhí



## Sauðfjársæðingar

Í samstarfi við Búnaðarsamtök Vesturlands, Búnaðarsamband Eyjafjarðar og Búnaðarsamband Suðurlands

Námskeið fyrir sauðfjərbændur, þá sem hafa áhuga á að starfa í faginu, sem og þá sem starfa nú þegar við sauðfjársæðingar.

**Kennari:** Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

**Tími:** Boðið verður upp á þrjú námskeið:

I: Mið. 29. nóv, kl. 13:00-18:00 hjá Lbhí á Hesti í Borgarfirði

II: Fim. 30. nóv, kl. 13:00-18:00 á Akureyri

III: Fös. 1. des, kl. 13:00-18:00 á Stóra Ármóti í Árnessýslu

**Verð:** 16.900kr





---

## HESTUR, BORGARFIRÐI

Á fjárræktarúinu Hesti var að venju framkvæmd vönduð afkvæmarannsókn. Það voru 13 heimahrútar sem þreyttu prófið þar, 11 veturgamlir og 2 tveggja vetra. Að loknu uppgjöri voru 2 hrútar valdir á sæðingastöð, þeir Dímon 16-993 og Durtur 16-994. Ómmælingar fóru fram um miðjan september og slátrun 22. september. Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sá um mælingar og stigun lambanna.

---

## GILSBAKKI, BORGARFIRÐI

Á Gilsbakka í Hvítársíðu í Borgarfirði var afkvæmarannsókn þar sem á annan tug hrúta var í samanburði. Aðkomuhrútar voru þeir Óðinn 15-992 frá Skörðum, Spakur 14-150 frá Oddsstöðum, Snar 16-102 frá Hægindi og Hringur 14-108 frá Hægindi. Hringur var eini kollótti aðkomuhrúturinn í hópnum. Niðurstöður byggðu annars vegar á skoðun hrútlamba sem var lógað þann 8. september. Athyglisvert var að meðalaldur hópsins var aðeins rétt rúmir 100 dagar. Gimbrarnar voru síðan skoðaðar seinna um haustið og þeim lógað 11. október. Tveir hrútar voru valdir fyrir stöðvarnar að lokinni skoðun, þeir Njörður 15-991 frá Gilsbakka og Óðinn 15-992 frá Skörðum. Lömbin voru ómmæld af Sigvalda Jónssyni en stigud af Árna B. Bragasynti.

---

## GAUL, SNÆFELLSNESI

Á Gaul í Staðarsveit á Snæfellsnesi voru 8 hrútar í samanburði. Aðkomuhrútar voru þeir Baggi 14-306 frá Álftavatni og Mávahlíðarhrútarnir Ísak 15-001 og Mávur 15-990. Toppuhrúturinn í rannsókninni var Mávur 15-990 sem var í framhaldinu fenginn til notkunar á stöðvunum. Mælingar voru framkvæmdar fyrir miðjan september og slátrun fór fram þann 14. september. Mælingar voru í höndum Árna B. Bragasonar og stigun framkvæmd af Lárusi G. Birgissyni.

---

## KAMBUR, REYKHÓLASVEIT

Á Kambi í Reykhólasveit fór fram afkvæmarannsókn á kollóttum hrútum. Aðkomuhrútar voru þeir Bjarnfreður 13-299 frá Melum sem fenginn var frá Stað í Steingrímsfirði, Þristur 15-076 frá Melum til heimilis að Innri-Ósi, Steingrímsfirði, Dalur 15-348 fæddur Ragnari og Sigríði Heydalsá en til heimilis í Gautsdal og Múkki 15-345 frá Gautsdal. Sá hrútur sem efstur stóð var Bliki 14-290 frá Kambi, en hann gekk ekki heill til skógar. Inn á sæðingastöð var valinn Kollur 15-983 frá Árbæ sem var til heimilis á Kambi. Slátranir fóru fram 13. og 21. september. Ómælingamaður var Sigvaldi Jónsson en Lárus G. Birgisson dómari.

---

## MÝRAR 2, HRÚTAFIRÐI

Á Mýrum 2 í Hnútafirði voru 10 hrútar afkvæmaprófaðir. Aðkomuhrútar voru þeir Jimmy 14-666 frá Efri-Fitjum, Trúður 15-051 frá Þóroddsstöðum og Víðir 15-303 frá Bergsstöðum. Efstur að stigum í þessari rannsókn stóð hrúturinn Fáfírnir 16-995 frá Mýrum 2 og var hann falaður á stöð. Líflambaskoðun fór fram í tvennu lagi, dagana 14. og 27. sept og lömbum svo slátrað í kjölfarið. Sigríður Ólafsdóttir ómmældi og Eyjólfur Ingvi Bjarnason dæmdi.

---

## HRÍSHÓLL, EYJAFIRÐI

Á Hríshóli voru 7 hrútar prófaðir. Aðkomuhrútar voru þeir Blandon 12-302 frá Vatnsenda og Arnar 15-297 frá Skriðu. Tveir hrútar voru valdir fyrir stöðvarnar að lokinni rannsókn, þeir Tvistur 14-988 og Kubbur 16-996, báðir frá Hríshóli. Lömbin voru metin í fyrstu viku september en slátrun fór fram 6. september. Ómmælingamaður var Kristján Ó. Eymundsson og dómari Eyþór Einarsson.

---

## HRIFLA, ÞINGEYJARSVEIT

Í þessum samanburði voru 13 hrútar. Aðkomuhrútar í rannsókninni voru Grásteinn 15-092 frá Stóru-Tjörnum, Máni 14-429 frá Árteigi og Þyrill 15-562 frá Hrafnstöðum. Að loknu uppgjör stóð Drangi 15-989 frá Hriflu afgerandi efstur og var hann fenginn til þjónustu á sæðingastöðvunum. María Svanþrúður Jónsdóttir sá um stigun og ómmælingu lamba þann 18. september og slátrun fór fram þremur dögum síðar.

---

## YTRI-SKÓGAR, EYJAFJÖLLUM

Í Ytri-Skógum var rannsókn á veturgömlum heimahrútum líkt og mörg undanfarin ár. Í samanburðinum voru 8 hrútar. Ekki var tekinn hrútur úr þeirri rannsókn að þessu sinni inn á sæðingastöð. Um ómmælingar sá Halla Eygló Sveinsdóttir en Fanney Ólöf Lárusdóttir um stigun.

**Þeim sem lögðu fram vinnu og aðstöðu vegna afkvæmarannsóknanna er hér með þakkað fyrir sem og þeim er lánuðu úrvalshrúta sína til prófunar.**

## Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2017

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
<b>Hyrndir hrútar:</b>							
10-903 Hængur	105	18,5	10,23	6,88	13,3%	48,6%	40,0%
10-906 Salamon	111	18,3	10,35	6,70	12,6%	53,2%	49,5%
10-919 Höfðingi	194	17,5	9,35	6,68	5,7%	36,1%	45,9%
10-920 Kölski	450	17,8	9,81	6,14	8,2%	46,7%	57,8%
10-945 Kornelíus	516	17,9	10,28	6,67	12,0%	55,2%	45,5%
11-895 Drífandi	110	16,9	9,85	6,45	7,3%	49,1%	51,8%
11-946 Borkó	397	18,2	10,06	6,58	8,8%	52,4%	44,3%
11-947 Kraftur	215	17,8	9,77	6,37	3,7%	52,6%	56,3%
11-958 Gróði	544	17,3	10,05	6,41	10,7%	49,6%	53,5%
11-959 Hörður	316	17,8	10,16	6,57	14,2%	46,2%	50,3%
12-911 Bekri	685	18,5	10,61	7,07	14,6%	58,0%	36,5%
12-948 Hrauni	106	17,5	9,67	6,68	7,5%	41,5%	52,8%
12-949 Jónas	379	17,4	10,41	7,03	14,2%	52,2%	37,7%
12-950 Kaldi	564	17,8	9,81	6,30	6,7%	48,2%	57,1%
12-960 Malli	420	17,4	9,99	6,68	10,0%	46,9%	44,8%
13-927 Kjarni	210	17,4	10,01	7,01	7,6%	52,9%	36,7%
13-928 Lækur	194	17,4	10,04	6,68	13,9%	40,7%	47,4%
13-951 Burkni	639	18,2	10,51	6,68	16,1%	52,6%	44,3%
13-952 Börkur	889	18,3	10,31	6,55	12,0%	54,4%	50,3%
13-953 Dreki	917	18,2	10,05	6,25	9,2%	51,1%	53,8%
13-954 Tangi	379	17,7	10,39	6,58	13,2%	53,8%	49,1%
13-961 Bergur	774	18,1	9,76	6,58	5,3%	49,7%	49,5%
13-962 Klettur	705	18,2	9,97	6,43	9,1%	48,4%	53,0%
13-963 Stólpi	443	18,0	9,93	6,57	6,1%	53,7%	46,7%
13-964 Toppur	420	18,0	10,49	6,49	12,4%	58,6%	51,9%
13-975 Alur	97	17,5	9,19	6,93	1,0%	41,2%	41,2%
14-965 Kústur	411	17,8	10,34	6,84	14,1%	51,1%	40,9%
14-966 Vinur	348	17,4	10,56	6,69	15,2%	54,9%	44,0%
15-967 Bjartur	681	17,7	10,58	6,67	18,8%	50,2%	47,1%
15-968 Tinni	544	18,0	10,44	7,25	13,8%	54,8%	28,1%
15-969 Hroki	135	17,8	10,10	7,03	8,9%	51,9%	37,0%
<b>Kollóttir hrútar:</b>							
10-889 Baugur	108	19,2	9,97	6,66	15,7%	38,0%	45,4%
12-934 Hnallur	158	18,8	10,35	7,26	14,6%	50,0%	31,6%
12-970 Brúsi	473	18,6	9,48	6,74	2,7%	47,4%	41,0%
13-940 Krapí	257	19,0	9,73	6,79	5,8%	49,4%	40,5%
13-941 Serkur	372	18,3	9,69	6,91	5,9%	46,5%	41,4%
13-944 Magni	170	19,4	10,06	6,67	7,6%	54,1%	47,1%
13-971 Ebiti	535	19,3	10,32	7,01	12,9%	52,7%	36,4%
14-972 Fannar	398	18,9	9,56	6,87	2,8%	47,7%	41,0%
14-973 Plútó	233	18,6	9,74	7,04	8,2%	44,6%	36,9%

\*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 28. okt. 2017

## Árangur sæðinga vorið 2017 eftir sæðingastöðvahrútum, ósamstilltar ær, ferkst sæði

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
<b>Hyrndir hrútar:</b>			
10-903 Hængur	159	64%	1,74
10-906 Salamon	198	56%	1,76
10-919 Höfðingi	289	63%	1,89
10-920 Kölski	830	59%	1,86
10-945 Kornelíus	853	65%	1,84
11-895 Drífandi	157	68%	1,72
11-946 Borkó	562	68%	1,91
11-947 Kraftur	277	68%	1,82
11-958 Gróði	845	65%	1,84
11-959 Hörður	417	68%	1,86
12-911 Bekri	1.089	61%	1,84
12-948 Hrauni	144	61%	1,88
12-949 Jónas	529	67%	1,88
12-950 Kaldi	751	67%	1,89
12-960 Malli	543	68%	1,87
13-927 Kjarni	309	67%	1,91
13-928 Lækur	228	59%	1,92
13-951 Burkni	1.058	62%	1,81
13-952 Börkur	1.415	67%	1,85
13-953 Dreki	1.369	64%	1,82
13-954 Tangi	550	65%	1,80
13-961 Bergur	1.114	65%	1,88
13-962 Klettur	972	69%	1,87
13-963 Stólpi	591	60%	1,84
13-964 Toppur	514	68%	1,88
14-965 Kústur	558	75%	1,86
14-966 Vinur	411	75%	1,93
15-967 Bjartur	894	69%	1,87
15-968 Tinni	673	71%	1,90
15-969 Hroki	205	61%	1,86
	<b>18.504</b>	<b>66%</b>	<b>1,86</b>
<b>Kollóttir hrútar:</b>			
10-889 Baugur	195	68%	1,79
10-897 Roði	83	54%	1,79
12-934 Hnallur	181	67%	1,93
12-970 Brúsi	782	64%	1,78
13-940 Krapí	386	72%	1,84
13-941 Serkur	587	64%	1,79
13-943 Voði	20	59%	1,80
13-944 Magni	229	72%	1,83
13-971 Ebiti	905	67%	1,82
14-972 Fannar	568	69%	1,83
14-973 Plútó	352	63%	1,74
	<b>4.288</b>	<b>66%</b>	<b>1,81</b>
<b>Aðrir hrútar:</b>			
09-939 Lobbi	24	55%	1,95
13-938 Ungi	37	72%	1,77
13-975 Alur	128	68%	1,93
13-976 Gils	44	78%	1,77
	<b>233</b>	<b>69%</b>	<b>1,87</b>
<b>Samtals</b>	<b>23.025</b>	<b>66%</b>	<b>1,85</b>
Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands	10.806	66%	1,85
Sauðfjársæðingarstöð Suðurlands	12.219	66%	1,85
Samstilltar ær allt landið	1.529	46%	1,81
Samstillt á öðru gangmáli allt landið	538	66%	1,93
Fryst sæði allt landið	345	38%	1,68

\*Gögn miðast við stöðu gagnagunnns 7. nóv. 2017

# SAUÐFJÁR- SÆÐINGAR OG BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember.

Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslíð byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

## MEÐHÖNDLUN SÆÐIS

### FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Kæla þarf sæðið niður í 5°C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Fordast skal allar hitasveiflur en þær geta drepíð sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráíð vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

### FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kúttinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

### ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.

*Ministrá* skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.

*Mediumstrá* skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.

Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja upptíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabrusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.

Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.

Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísí er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.

Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.

Þídd strá skal nota samstundis.

Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráíð er sett í.

Passið að sæðingataekið sé þurrt.

Eftir að stráíð hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.

Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

**Athugið að upptídd strá skal nota strax!**

## SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv. Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

### SKRÁNING SÆÐINGADAGBÓKA

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

### SKRÁNING Í FJARVIS.IS

a) Skráið ykkur inn á [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is).

b) Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.

c) Skráið

– kennitölu sæðingamanns,

– sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar,

– tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút.

Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

## SAMSTILLINGAR

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið talsvert lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslíð sést.

## SÆÐING Á ÖÐRU GANGMÁLI FRÁ SAMSTILLINGU

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillinga og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2-3 daga í röð.

## VINNULAGSREGLUR

### SÆÐINGAR

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit.  
Egglos verður 30-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

*Dæmi:*

*Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.*

*Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.*

### SAMSTILLING

Svampur hafður í 14 daga.  
Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

*Dæmi:*

*Sæðing 15. desember kl. 15.*

*Svampar settir í 29. nóvember.*

*Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.*

### SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI

Svampur hafður í 14 daga.  
Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

*Dæmi:*

*Sæðing 15. desember kl. 15.*

*Svampar settir í 13. nóv.*

*Svampar teknir úr 27. nóv.*

*Leitað 15. des. kl. 8.*

*Sæðing 16. desember kl. 15.*

*Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.*

# GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ NÁ SEM HÆSTU FANGHLUTFALLI Í SAUÐFJÁRSÆÐINGUM

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum.

Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin.

Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu.

Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.



*Dæmi um árangur af feldfjárrækt í gegnum sæðingar:*

Hér má sjá borgfirsku ána Kólgu 15-649 undan Gráfeldi 08-894 og ljósgrárra hyrndri á sem var undan Bletti 05-967 frá Ytri-Skógum. Gráu lömbin eru undan Kólgu og Lobba 09-939 og eru því að  $\frac{3}{4}$  ættuð úr feldfjárræktun í Meðallandinu. Þessi lömb voru bæði sett á vetur og bera talsverð einkenni feldfjár.

ÁRNI B. BRAGASON

# FELDFJÁRRÆKT OG MAT Á FELDGÆÐUM

Upphaf ræktunar á feldeiginleikum í íslensku fé má rekja til áttunda áratugar síðustu aldar þegar betra verð fékkst fyrir gráar gærur á erlendum mörkuðum en aðrar íslenskar gærur. Seint á þeim áratug féllu gráar íslenskar gærur í verði vegna þess að þær þóttu of misjafnar að gæðum. Sveinn Hallgrímsson þáverandi sauðfjárræktar-ráðunautur Búnaðarfélags Íslands hafði í framhaldinu forgöngu um að hefja skipulega ræktun á gráu fé þar sem sérstaklega væri horft til þeirra gærueiginleika sem sóst var eftir. Þessi ræktun var kölluð feldfjárrækt og fóru allnokkir bændur af stað með þessa ræktun á árunum milli 1980-1990 s.s. í Strandasýslu, Borgarfirði og Vestur-Skaftafellssýslu.

Tveir hrútar voru teknir inn á sæðingastöðvarnar sem þóttu til kynbóta hvað þessa eiginleika varðaði. Það voru þeir Lokkur 81-816 frá Litla-Kambi, dökkgrár kollóttur, sem var á stöðvunum 1983-1988 og Feldur 81-837 frá Tröllatungu, grákrúnusokkóttur kollóttur, sem var á stöðvunum 1985-1989. Þessir hrútar voru báðir lengi á stöðvunum og reyndust vel sem ærfeður á sínum tíma. BLUP-mat þeirra fyrir frjósemi og mjólkurlagni er enn í góðu lagi og efalaust eiga einhverjar núlifandi kindur ættir að rekja til þeirra, hvernig sem grár litur og vísir að feldeiginleikum hafa haldist í ættinni.

Feldfjárrækt varð hvergi langlíf nema í Meðallandi þar sem hún hefur haldið velli. Á Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri hefur feldfjárrækt verið sinnt af miklum áhuga í nokkur ár og er feldfé úr Meðallandi grunnurinn í þeirri ræktun. Merkja má aukinn áhuga á feldfjárrækt og er það ekki síst vegna þess að ræktendur hafa verið duglegir að koma á framfæri sérstöðu skinna og ullar af þessu fé. Tveir hrútar úr þessari feldfjárræktun hafa verið á Sauðfjarsæðingastöðinni í Laugardælum á síðustu árum, þ.e. þeir Gráfeldur 08-894 og Lobbi-09-939. Þeir hafa fengið takmarkaða notkun en þó hefur vera þeirra á sæðingastöð gefið sauðfjarsæðingastöðinni utan Eyjafalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólfs kost á að nýta þann árangur sem náðst hefur og flýtt þannig fyrir því að ná upp góðum feldeiginleikum. Líflambasala hefur ekki verið leyfð úr þessu varnarhólfi sem væri mun fljótvirkari leið til að dreifa þessum ræktunarárangri á fleiri svæði. Þriðji feldhrúturinn Melur 12-978 kemur nú inn á stöðina í Laugardælum.

Sveinn Hallgrímsson hefur í nokkra áratugi aðstoðað þessa fáu ræktendur við mat á lömbunum á haustin og gefið lömbunum einkunnir fyrir nokkra þætti að sænskri fyrirmynd. Þessa dóma hefur ekki verið hægt að skrá í opinberu skýrsluhaldi en þeim hefur verið haldið til hags af ræktendum. Ræktendurnir hafa verið duglegir

að afla sér þekkingar í þessum málum utan landsteinanna nú síðustu árin og kynnt sér ræktun á svokölluðu Gotlandsfé í Svíþjóð og Danmörku. Farið hefur verið í fróðlegar kynnisferðir til þessara landa og stofnað til dýrmættra kynna við ræktendur Gotlandsfjár. Þessi kynni af ræktun þess fjár hafa m.a. kveikt aukinn áhuga á að taka dóma á feldeiginleikum enn fastari tókum og hafa m.a. möguleika á að skrá slíka dóma inn í Fjárvis. Síðastliðinn vetur var lögð nokkur

vinna í að endurskoða þann dómskala sem Sveinn hefur notað í gegnum árin og bæta þar inn atriðum sem komu fram þegar fylgst var með dómum á feldgæðum lamba af Gotlandsfjáarkyni í Svíþjóð og Danmörku. Eftir þessa endurskoðun var ákveðið að metnir séu sjö þættir og fær hver þáttur einkunn á bilinu 1-5. Síðan eru reiknuð heildarstig með samlagningu stiga. Lýsingar við dómskalann eru enn í mótun en hann var „prufukeyrður“ nú í haust hjá nokkrum ræktendum.

---

Hér verður nú gerð stutt grein fyrir hverjum dómsþætti, hverju er sóst eftir og hvað teljast gallar. Rétt er að leggja áherslu á að þessir dómar byggist á því að meta feld lambsins til skinnaframleiðslu, sérstaða ullarinnar er síðan á sinn hátt afleiðing af því vali.

---

### HREINLEIKI LITAR

Liturinn þarf að vera sem jafnastur um allan bolinn. Algengt er að gráar kindur séu ljósari í lærum og á bógum eða verulegur litarmunur sé á milli bolhluta. Dílar og flikrur út um allan bol teljast enn verri galli. Gott skinn getur alveg eins verið ljósgrátt eins og dökkgrátt ef liturinn er jafn.

Við dóma á Gotlandsfé er skráð sérstaklega ef hvít og svört hár í gráum feldi raðast saman í lokkunum þannig að hvor litur sést greinilega. Þetta kallast „pipar og salt“ þar ytra og telst ekki beint galli en sérstaða sem er skráð.

### LOKKUN TOGHÁRA – DREIFING LOKKUNAR.

Í þessari ræktun er sóst eftir því að togið leggist í lokka og að þessi lokkun sé sem jöfnust um allan feldinn. Algengt er að lokkun vanti eða sé mun minni í síðum og á lærum hjá íslensku feldfé, þó lokkun sé talsverð annars staðar á bolnum.

Að gefa þessu sérstaka einkunn er séríslenskt þar sem þessi þáttur er mun styttra á veg kominn hér en í Gotlandsfénu.

### LOKKURINN SJÁLFUR

Lokkurinn þarf að vera sterkur og lokkun þarf að byrja alveg niðri við skinnið. Lokkurinn má hvorki vera of smár né of stór og grófur. Flestar gærur af Gotlandsfé eru loðklipptar sem kallað er, þá eru hárin klippt í ákveðna lengd. Þess vegna er mikilvægt að lokkun byrji strax inni við skinnið og lokkurinn sé sterkur og þoli álag án þess að ullin þófní t.d. þegar skinnið er komið í flík eða orðið áklæði á stól. Um lokkinn eiga sér stað djúpar þælingar enda er hann stóra málið í þessu. Of langt mál er að fara nánar í þá hluti hér en nefna má atriði eins og hvernig hárin leggjast saman í lokknum o.fl.

### GLJÁI

Þetta er séríslenskur liður sem sjálfstæður matsþáttur vegna þess að móleit eða brúnleit slika er algeng hér í gráu fé og það er slæmur galli. Sóst er eftir því að toghárin séu gljáandi, bláma slái á þau og best að þau gljái sem nýfægt silfur.

### HÁRGÆÐI

Í feldfjárrækt er sóst eftir því að þelið sé sem minnst á lömbunum að hausti en togið sé fingert og langt. Merghár og dauð hár eru slæmur galli. Mun meira þel er í íslensku feldfé en orðið er í Gotlandsfénu. Þelið veldur því að hárin á skinnunum geta þófnað við álag.

### GÆÐI TOGHÁRA

Eftirsóknarvert er að toghárin séu fingerð, silkimjúk og leggist fallega í lokka. Algengur galli er að togið sé of gróft eða togháragerðin sé of breytileg um bolinn. Eins er það galli ef toghárin vaxa mishratt þannig að þau sem hraðar vaxa vefjist meira og minna utan um hin hárin og flókar myndist yst á hárunum.

### ÞÉTTLEIKI FELDS

Hér er eftirsóknarvert að hárin standi þétt og hylji bjórinn fullkomlega.

---

Eins og fram hefur komið eru virkir ræktendur feldfjár alltof fáir til þess að ræktunarárangurinn sé tryggður. Með sæðingunum hefur áhugafólk utan Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólfs getað hafið þessa ræktun en það tekur sinn tíma. Eigendur feldfjár hafa þegar náð að afla sér nokkurra aukatekna með sölu ullar og skinna af þessu fé og þar mætti örugglega skapa meiri eftirspurn

og tækifæri, ekki síst í tengslum við ferðabjónustuna. Sérstök ástæða er til að skora á bændur í Vestur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum að taka þátt í ræktun feldfjár og vera með í að vernda þessa sérstæðu skaftfellsku perlu í íslenska sauðfjárstofninum. Grundvöllur ræktunarinnar verður í þessu varnarhólfi a.m.k. enn um sinn og stendur eða fellur með ræktendum þar.

# REKSTUR SAUÐFJÁRBÚA



Síðasta vetur vann Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins átaksverkefni um rekstur sauðfjársjúa þar sem safnað var gögnum um rekstur sauðfjársjúa. Hugmyndin að verkefninu kviknaði við lækun afurðaverðs haustið 2016 og þá óvissu sem þá skapaðist um afkomu sauðfjársjúa.

Tilgangur verkefnisins var að þátttakendur gætu séð hvar þeir stæðu í samanburði við önnur bú og þar með séð möguleg tækifæri til verðmætasköpunar vegna lægri tekna.

Verkefnið naut styrks af fagfé sauðfjársjúarinnar þannig að hvert þáttökubú greiddi 35% af kostnaði við vinnu.

## UMFANG VERKEFNISINS:

390 sauðfjársjú fengu kynningarbréf sent í nóvember 2016 eða öll þau bú sem voru þátttakendur í skýrsluhaldi sauðfjársjúar og höfðu 400 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri. Af þeim tóku 44 bú þátt í verkefninu. Á þessum þáttökubúum voru 23.000 vetrarfóðraðar kindur og meðalbústærð 525 kindur. Framleitt dillkakjöt þessara búa var um 5,5% af heildarframleiðslu dillkakjöts í landinu. Þáttökubúin voru samt sem áður ekki nógu lýsandi úrtak fyrir sauðfjársjú í landinu þar sem meirihluti þáttökubúa er með afurðir vel yfir meðallagi miðað við landsmeðaltal.

Árið 2014	Miðað við framlegð kr/kind		
	Efsti 1/3	Miðja	Neðsti 1/3
<b>Skýrsluhaldsupplýsingar:</b>			
Fullorðnar ær (kg)	32,9	29,2	29,2
Fullorðnar - fædd	1,96	1,88	1,87
Fullorðnar - til nytja	1,82	1,74	1,73
Veturgamlar (kg)	15,5	12,9	10,9
Veturgamlar - fædd	1,20	1,05	0,91
Veturgamlar - til nytja	0,87	0,79	0,66
Fallþungi sláturlamba	17,5	16,4	16,4
Gerðarmat sláturlamba	9,5	9,1	8,8
Fitumat sláturlamba	6,9	6,4	6,4
Meðalaldur lamba við slátrun	137	138	139
<b>Búreklarupplýsingar:</b>			
Afurðatekjur kr/kind	17.106	14.352	13.728
Beingreiðslur kr/kind	13.568	10.623	9.901
Aðkeypt fóður kr/kind	579	573	612
Áburður og sáðvörur kr/kind	3.868	3.835	5.155
Rekstur búvéla kr/kind	2.342	2.399	3.477
Rekstrarvörur kr/kind	1.720	2.047	3.441
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kind	1.801	2.217	3.570
Framlegð kr/kind	20.363	13.904	7.374
Viðhald úthúsa og girðinga	1.207	1.165	1.749
Annar rekstrarkostnaður	1.205	940	1.306
Laun og launatengd gjöld	5.965	6.132	5.247
Þáttatekjur/EBITA kr/kind	13.308	5.660	6.835
Afskriftir kr/kind	4.970	3.075	3.230
Fjármagnsliðir kr/kind	1.993	2.470	3.002
Framleiðslukostnaður kr/kg dillkakjöts	810	935	1.235

Sambærileg tafla fyrir árið 2015 er svipuð, þ.e. ekki eru verulegar breytingar í tekjustreymi búanna og kostnaður svipaður milli ára.



## NIÐURSTÖÐUR:

Upplýsingar fyrir árið 2014 úr þessu verkefni þar sem búið er að reikna meðaltöl fyrir einstaka skýrsluhaldsþætti og kostnaðarliði, þar sem búunum er raðað í þrjá hópa eftir framlegð á vetrarfóðraða kind.

## NIÐURSTÖÐUR HVERS BÚS:


Hvert bú fékk einnig myndræna framsetningu á niðurstöðunum þar sem viðkomandi sér hvar það stendur til samanburðar við önnur þátttökubú. Á meðfylgjandi mynd er dæmi um slíka framsetningu. Þetta bú kaupir aðkeypt fóður fyrir 1.171 kr/kind og hefur rauða súlu og 7% við enda hennar. Það táknað að 93% búanna eru með lægri kostnað í þessum lið en þetta tiltekna bú. Búið kaupir áburð og sáðvörur fyrir 2.887 kr/kg og hefur græna súlu og 89% við enda hennar. Það táknað að 11% búanna hafa lægri kostnað fyrir þennan lið en þetta tiltekna bú. Með hliðstæðum hætti eru aðrir liðir túlkaðir fyrir hvern og einn þátttakanda.

## Framhald verkefnis:

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ætlar að halda áfram með þetta verkefni og fá fleiri bú til þátttöku í því skyni að gera gagnasafnið stærra. Fyrst um sinn er verið að horfa á gögn frá árinu 2016 auk gagna frá fyrri árum en um leið og bókhaldsuppgjöri fyrir árið 2017 lýkur verður hægt að greina þau gögn. Jafnframt hefur verið ákveðið að bjóða fleiri búum þátttöku og færa mörk bústærðar niður í 300 vetrarfóðraðar kindur svo lengi sem meirihluti tekna búsins sé vegna sauðfjárræktar.

## Hvernig get ég tekið þátt í verkefninu ?

Þeim aðilum sem eru áhugasamir um þátttöku í framhaldi þessa verkefnis er bent á að hafa samband við höfunda þessarar greinar sem jafnframt eru verkefnisstjórar verkefnisins hjá RML. Í ljósi enn meiri afurðaverðslækkunar nú í haust verður gagnagrunnur sem þessi afar brýnt og öflugt verkfæri fyrir sauðfjárbændur til að varpa betur ljósi á stöðu greinarinnar í opinberri umræðu á komandi misserum. Jafnframt er ljóst að mikill munur er á rekstrarafkomu bænda sem liggur í þáttum sem þeir geta í sumum tilfellum haft áhrif á sjálfir. Hér er því gott tækifæri til að miðla reynslu manna á milli.





Íslenskur  
uppruni

Umhverfisvænar  
umbúðir

Gæðavara

Norðlenskur  
ferskleiki

NORÐLENSKA  
LAMBAKJÖTIÐ

Fagmennska

Gott kvöld



# ÍSLENSKA SVEITIN OG SS

Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kýr. SS sækir úrvals afurðir til Örnu Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.

Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.

